

Ytra mat leikskóla Garðaborg í Reykjavík

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

Höfundar: Helga Jenný Stefánsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-56-5

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum	5
Inngangur	8
Markmið og tilgangur	8
Gagnaöflun	8
Garðaborg	9
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Starfsmenn	9
Húsnæði	10
Útisvæði	11
Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008.	12
Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans	12
Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins	12
Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans	12
Skólanámskrá	14
Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá	15
Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár	15
Stjórnun og starfsfólk	15
Stjórnskipulag og skipurit	17
Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál	18
Uppeldi, menntun og umönnun	19
Leikföng og efniviður	20
Líðan barna	20
Lýðræði og mannréttindi	21
Samskipti og hegðun	21
Skólaþróun	22
Skólabragur og samskipti	23
Starfsandi	23
Jafnrétti	24
Mat á námi og velferð barna	25
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	25
Foreldraráð og foreldrafélag	27
Samstarf leikskóla og grunnskóla	27
Samstarf við aðrar stofnanir	27
Innra mat	28
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	30
Samantekt	31
Lokaorð	36
Heimildir	37

Samantekt á niðurstöðum

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Garðaborg í Reykjavík sem unnið var á haustönn 2014. Þættirnir sem lagt var mat á voru: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta sveitarfélaga og sérkennsla.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Garðaborg er tveggja deilda leikskóli með 23 börn á yngri deild en 33 börn á eldri deild. Yfirstandandi vetur starfar eldri deildin á undanþágu vegna fjölda barna. Alls starfa 17 manns við leikskólann en þar af eru 10 leikskólakennarar, grunnskólakennari, uppeldisfræðingur og hönnuður (sem er nemi í leikskólakennarafræðum) og þrjár leiðbeinendur. Einn matráður starfar í Garðaborg. Starfsmannavelta er lítil og er meðal starfsaldur við Garðaborg 11 ár en flestir kennararnir hafa unnið þar frá útskrift. Af 17 starfsmönnum eru tveir karlar og starfar annar þeirra inni á deild. Í leikskólanum er mikil áhersla lögð á lýðræði og jafnrétti barna og er sú stefna sýnileg í starfinu. Sveitafélagið hefur einnig myndað sér leiðarljós um starf í leikskólum sem starfsáætlun skólans vitnar í.

Húsnæði og útisvæði uppfylla ekki að öllu lög um leikskóla nr. 90/2008. Ekki er sérstök aðstaða til sérkennslu, starfsmannaaðstaða er þröng, mikill gólfkuldi er í húsinu og lítið er um afmörkuð róleg svæði þar sem börn geta leikið sér í ró og næði. Í viðtölum við starfsmenn, stjórnendur og foreldra kom fram að nauðsynlega þurfi að bæta öryggi á útisvæði og studdu vettvangsathuganir þær athugasemdir.

Innleiðing laga um leikskóla frá 2008

Þegar ný leikskólalög voru sett árið 2008 starfaði Garðaborg þá þegar að miklu leiti í samræmi við lögina svo þau höfðu ekki mikil áhrif á starfið. Erfiðlegar gengur að fylgja eftir reglugerð um sérfræðiþjónustu nr. 584/2010. Biðlistar hjá þjónustumiðstöð eru langir, skólinn hefur ekki sérstaka aðstöðu fyrir sérkennslu og sérkennslustjóri þyrfti að hafa sérfræðimenntun umfram grunnnám í leikskólakennarafræðum til að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar. Stjórnendur og starfsfólk eru jákvæð gagnvart breytingum og hafa lítið á samdrátt í kjölfar efnahagshrunsins sem tækifæri til úrbóta frekar en ógnun við leikskólastarfið.

Skólanámskrá

Starfsfólk Garðaborgar vinnur að nýrri skólanámskrá í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og ákvæði aðalnámskrár leikskóla frá 2011. Í gildandi skólanámskrá kemur skólastefna sveitarfélagsins ekki fram með skýrum hætti. Stefna leikskólans er hins vegar aðgengileg í námskránni en ekki kemur fram þar hvernig stefnan er mótuð. Aðferðum innra mats er ekki lýst með greinagóðum hætti í skólanámskránni. Samþætting grunnpáttanna menntunar við skólastarfið kemur heldur ekki fram í gildandi skólanámskrá en samkvæmt leikskólustjóra mun það koma fram í nýju skólanámskránni. Í skólanámskránni er fjallað um tengsl við aðra skóla og/eða stofnanir í nærsamfélaginu.

Stjórnun og starfsfólk

Skólastarf Garðaborgar samræmist því sem kemur fram í skólanámskrá að mestu leyti. Einhverjir þættir í gildandi skólanámskrá eiga þó ekki lengur við starf leikskólans en verið er að vinna nýja skólanámskrá. Stjórnskipulag leikskólans hentar stærð og verkefnum og endurspeglar sérstöðu hans og ákvæði laga og reglugerða. Verkaskipting stjórnenda mætti vera skýrara og vera skrifleg. Millistjórnendur vilja gjarnan koma meira að vissum þáttum sem tengjast stjórnun leikskólans, svo sem starfsþróunarviðtölum og ákvörðunum um leyfisveitingar. Ekki eru allir verkferlar til skriflegir

en ákvarðanatöku er nokkuð skilvirk. Fulltrúar foreldraráðs koma að ákvarðanatöku, t.d. varðandi námskrágerð og fjárhagsáætlun leikskólans. Börnin í Garðaborg koma einnig að ákvarðanatöku innan leikskólans varðandi ýmis málefni, sem dæmi skipulögðu þau hvernig yrði haldið upp á 30 ára afmæli leikskólans. Garðaborg hefur skilað inn ársskýrslu til sveitarfélagsins fyrir síðastliðinn vetur.

Uppeldi, menntun og umönnun

Lýðræði og jafnrétti einkennir samskipti við börnin og í vettvangsathugunum sást að þau voru yfirleitt glöð og áhugasöm í leik. Einnig sást að hlustað var eftir hugmyndum og vilja barnanna og starfsfólk lagði sig fram um að veita börnum val í daglegu starfi. Áhrif frá lýðræðisverkefni síðasta vetrar sjást í öllu starfi leikskólans þó verkefninu sé formlega lokið. Mikil sátt og ánægja ríkir meðal foreldra um fyrirkomulag starfsins og starfsfólk vinnur að stöðugri þróun eigin starfshátta í gegnum faglegt lærdómssamfélag innan skólans. Leikskólinn hefur ekki gert formlega símenntunaráætlun en þar er mjög hátt hlutfall faglærðra leikskólakennara sem nýta sér fræðslu sem í boði er á vegum sveitarfélagsins. Einn starfsmaður er í leikskólakennaranámi og annar í meistaranámi við Háskóla Íslands.

Skólabragur og samskipti

Skólabragur og samskipti í Garðaborg einkennast af fagmennsku, samræðu og virðingu sem endurspeglast í afslöppuðum og þægilegum skólabrag. Öllum börnum og foreldrum er heilsað að morgni og þau kvödd í lok dags. Starfsmenn leggja allt kapp á að veita öllum börnum jafnt vægi óháð kyni, þjóðerni eða getu. Mikil áhersla er lögð á jafnrétti og lýðræði og börnum er kennt að kjósa og sættast á niðurstöðu meirihlutans. Ekki er unnið markvisst eftir eineltisáætlun þrátt fyrir að bæjarfélagið hafi sett sér eineltisstefnu fyrir leikskóla. Starfsmenn nefndu að betur mætti huga að breiðu aldursbili innan starfsmannahópsins þegar viðburðir utan skólatíma eru skipulagðir og að mikið álag gæti bitnað á samskiptum milli stjórnenda og starfsmanna.

Mat á námi og velferð barna

Ekki eru notaðar staðlaðar matsaðferðir við mat á námi og velferð barna í Garðaborg heldur fer það fram í gegnum skráningar. Yngri deildin stefnir að því að nota ferilmöppur barnanna sem eina matsaðferð. Leikskólinn mætti huga að skýrari verkferlum við mat á námi og velferð barna. Verkferlarnir ættu að vera aðgengilegar í skólanámskránni.

Innra mat

Innra mat Garðaborgar samræmist lýsingum í aðalnámskrá leikskóla 2011 og skólanámskrá. Áætlun um framkvæmd þess kemur fram í starfsáætlun. Þar kemur einnig fram hver ber ábyrgð á mati hvers þáttar, þó að verkferlar séu ekki skýrir. Allt starfsfólk kemur að innra mati, auk foreldra og elstu barnanna í leikskólanum. Ekki fer fram mat á frammistöðu kennara eins og er en kannski verða breytingar þar á í kjölfar starfendarannsóknar sem er að fara af stað. Í innra mati eru fastir liðir leikskóla-starfsins metnir. Innra mat þyrfti að vera markvissara til að veita fullnægjandi upplýsingar um veikleika og styrkleika skólustarfsins. Innra mati hefur verið fylgt eftir með markvissri skólaþróun, sem dæmi var fyrirkomulagi afmæla barnanna breytt eftir að börnin höfðu metið fyrirkomulagið og lagt til breytingar. Einnig er sett fram úrbótaáætlun í starfsáætlun. Úrbótaráætlunin byggir á niðurstöðum innra mats en ekki kemur fram hver beri ábyrgð á úrbótum hvers þáttar. Niðurstöður innra mats eru kynntar starfsmönnum og foreldrum en ekki börnum.

Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Mikið og gott foreldrasamstarf er í Garðaborg. Bæði er starfandi foreldrafélag og foreldraráð og sátt virðist ríkja um hvernig fulltrúar eru valdir í ráðið. Foreldrar eru velkomnir inn í skólastarfið og skólinn leitar allra leiða til að veita þeim tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Gott upplýsingaflæði er frá skóla til heimilis. Samskiptin fara bæði fram augliti til auglitis og í gegnum tölvusamskipti. Stjórnendur senda m.a. út tilkynningar um viðburða og starfsmenn senda foreldrum upplýsingar er varða hvert barn og um daglegt starf á deildunum. Foreldrar eiga greiðan aðgang að starfsmönnum og stjórnendum. Foreldrar geta rætt hugmyndir sínar beint við starfsmenn eða stjórnendur, á foreldrafundum eða komið þeim til foreldraráðs. Lítið samstarf er milli Garðaborgar og grenndarsamfélagsins, s.s. menningarlífs, æskulýðsstarfs og atvinnulífs. Leitað hefur verið eftir auknu samstarfi við grunnskóla hverfisins en með litlum árangri.

Sérfræðipjónusta sveitarfélags og sérkennsla

Ekkert barn í Garðaborg er með úthlutaðan stuðning vegna sérþarfa haustið 2014 en í skólanum eru sjö börn með annað móðurmál en íslensku. Flest hafa þau pólsku að móðurmáli en mjög gott samstarf er við pólskan starfsmann sem sér um móðurmálsstuðning í leikskólum borgarinnar. Ennfremur er túlkapjónusta mikið notuð í samskiptum við heimili þessara barna. Stuðningur og sérkennsla eru metin af foreldrum. Sérfræðipjónusta er kynnt fyrir foreldrum í fyrsta viðtali. Upplýsingar um sérfræðipjónustu eru einnig í foreldrahandbókinni svo foreldrar þurfi ekki að velkjast í vafa um hvar þjónustuna er að finna. Ekki er formlegt samstarf við heilsugæsluna en ungbarnaeftirlitið er í sambandi við leikskólann varðandi einstök börn þegar það á við. Það vantar upp á skýra verkferla þegar börn hafa fengið greiningu. Til að uppfylla reglugerð um sérfræðipjónustu nr. 584/2010 þyrfti að bæta við sérstakri aðstöðu fyrir sérkennslu og sérkennslustjóri þyrfti að hafa sérfræðimenntun.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Garðaborg í Reykjavík. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Helgu Jennýju Stefánsdóttur og Ingibjörgu Ósk Sigurðardóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 14.-17. og 29. október 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir átta matsþættir, leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og rekstur, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðipjónusta sveitarfélaga.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 að:

a) veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.

- a. b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- b. c) auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- c. d) tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. 1

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja við skólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla 2011.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.¹ Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 21. ágúst 2014 á rafrænu formi. Beiðni um gögn um leikskólastarfið var ítrekuð 8. október 2014. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast gögn um matsferlið og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn mættu í leikskólann 14. október 2014 og fengu kynningu á leikskólanum hjá leikskólastjóra og tóku viðtöl við stjórnendur. Daginn eftir tóku við vettvangsathuganir á báðum deildum leikskólans. Haldnir voru rýnihópafundir með deildarstjórum, starfsmönnum á deild, börnum í elsta árgangi leikskólans, foreldrum og viðtal við starfsmann og foreldri með annað móðurmál en íslensku. Þátttakendur í rýnihópum starfsmanna, foreldra og barna voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá voru tekin einstaklingsviðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra² og sérkennslustjóra. Einnig var tekið viðtal við pólskumælandi foreldri og pólskan starfsmann sem sér um móðurmálsstuðning fyrir pólskar fjölskyldur. Haft var samband

¹ Skólanámskrá, starfsáætlun, heimasíða Garðaborgar, heimasíða Reykjavíkurborgar, önnur gögn sem leikskólinn og formaður skóla- og frístundaráðs lagði fram.

² Þar sem annar af tveim deildarstjórum var í leyfi allan tímann sem athugun fór fram var tekið einstaklingsviðtal deildarstjóra í stað rýnihóps deildarstjóra.

við formann skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur sem vísaði á skrifstofustjóra leikskóla á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Skólaheimsóknin stóð yfir í fimm daga, 14.-17. og 29. október 2014. Starfsmenn vissu hvaða daga matsmenn voru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki hvenær fylgst yrði með á þeirra deild. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á deildum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja stund. Matsmenn fóru hvor í sínu lagi yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram og að lokinni leikskólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst var við, þ.e. viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Garðaborg

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Garðaborg tók til starfa í febrúar 1983. Leikskólinn er tveggja deilda og stendur við Bústaðarveg 81 í Reykjavík. Í skólanámskrá kemur fram að staðsetningin sé góð, stutt er í Fossvoginn og almenningsgarða í nágrenninu eins og Grundagerðisgarðinn og oft er farið í stuttar ferðir í nágrenni leikskólans.³

Tafla 1. Aldursdreifing barna á Garðaborg

Fæðingarár	2009	2010	2011	2012	2013	Alls
Fjöldi barna	15	10	14	12	5	56

Í leikskólanum eru 56 börn á tveimur deildum leikskólans, 35 stúlkur og 21 drengur. Á Austurdeild eru 23 börn á aldrinum 18 mánaða til 3ja ára og 6 starfsmenn í 5 stöðugildum. Á Vesturdeild eru 33 börn á aldrinum 3ja til 6 ára og 6 starfsmenn í 5 stöðugildum. Aldursdreifingu barnanna má sjá í töflu 1. Sjö börn eru með annað móðurmál en íslensku, þ.e. pólsku, víetnömsku og albönsku. Ekkert barn er með úthlutaðan stuðning vegna sérkennslu.⁴ Leikskólastjóri fékk undanþágu síðastliðið haust til að taka inn tvö börn aukalega til að léttu undir með fjölskyldum sem voru með eldra systkini á leikskólanum og fjölgaði stöðugildum við það um ½ stöðugildi en næsta haust er gert ráð fyrir 54 börnum í leikskólanum.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 17 starfsmenn í 13,71 stöðugildi, þar með taldir leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Tíu leikskólakennarar starfa í leikskólann fyrir utan fyrrnefnda stjórnendur, allir með leyfisbréf. Hlutfall leikskólakennara af starfsfólki á deildum er 10 af 14 eða 71,4%. Leikskólinn uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla⁵ og vel það. Stjórnunarhlutfall í Garðaborg er 1,20. Starfshlutföll í stjórnunarstöðum eru eftirfarandi; leikskólastjóri í 100%, aðstoðarleikskólastjóri í 7% (vinnur upp í 80% sem kennari á deild), sérkennslustjóri í 27% (vinnur upp í 50% stöðu sem kennari á deild) og tveir deildarstjórnarar í 100% starfi. Matráður er í 100% starfi. Meðalstarfsaldur við leikskólann er tæp 11

³ Námskrá Garðaborgar.

⁴ Upplýsingar frá leikskólastjóra.

⁵ Lög um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

ár en starfsaldur er allt frá þremur árum ár upp í 22 ár. Aðrir háskólamenntaðir starfsmenn á deildum eru grunnskólakennari, uppeldisfræðingur og hönnuður sem er nemi í leikskólakennarafræðum og þrír starfsmenn eru leiðbeinendur með framhaldsskólamentun. Pólskur starfsmaður sem annast móðurmálsstuðning við pólsk börn í leikskólum Reykjavíkurborgar er með starfsstöð í Garðaborg. Tveir karlmenn starfar við leikskólann, þar af starfar einn á deild. Verktaki sér um að ræsta leikskólann.⁶ Leikskólastjórinn hefur gegnt sinni stöðu í fullu starfi frá 1994⁷ en mun taka við öðru starfi um áramótin.⁸ Aðstoðarleikskólastjóri hefur gegnt stöðunni síðan 2004.⁹ Allt starfsfólk skrifar undir yfirlýsingu um trúnað í starfi þegar það hefur störf í Garðaborg.¹⁰

Starfsmannavelta

Mjög lítil starfsmannavelta er í Garðaborg, flestir kennarar hafa unnið þar frá útskrift og síðast var ráðinn inn nýr kennari fyrir þremur árum. Einn ófaglærður starfsmaður hóf störf haustið 2014 og nýr matráður í nóvember 2014. Leikskólastjóri telur að stöðugleiki í starfsmannamálum sé ein af sterku hliðum leikskólans, ákveðinn kjarni fagfólks hafi starfað þar saman í mörg ár.¹¹ Í foreldrakönnun frá 2013 kom fram að aðeins 48% þeirra sem svöruðu voru ánægðir með kynningu á nýju starfsfólki í leikskólanum. Í þessari sömu könnun fengu foreldrar valmöguleika um hvernig þeir vildu helst fá upplýsingar frá skólanum og 97% merktu við tölvupóst.¹² Í starfsáætlun Garðaborgar fyrir árið 2013-2014 komu þessar niðurstöður fram og að úrbætur yrðu gerðar á kynningu nýs starfsfólks. Foreldrar fá nú alltaf tölvupóst þar sem nýtt starfsfólk er kynnt til starfa.¹³ Meðal foreldra ríkir ánægja með þessa breytingu.¹⁴

Húsnæði

Leikskólinn Garðaborg er tveggja deilda leikskóli eins og áður hefur komið fram. Húsnæði deildanna tveggja er sambærilegt. Hvorri deild tilheyrir tvö stór leikrými og tvö minni leikrými en annað þeirra er nýtt sem listasmiðja. Einnig er salernisaðstaða, fataklefi með salerni og þurrkuskáp. Sameiginlegt rými er aðgengilegt frá báðum fataklefunum. Í sameiginlega rýminu borða börnin á fjórum stórum borðum. Áður var rýmið notað sem salur til hreyfingar en ákveðið var að auka leikrýmið inni á deildum með því að færa borð af deildunum inn í salinn. Fyrir vikið er meira opið rými á deildunum til leiks auk þess sem börnin borða ekki á sama stað og þau leika sér. Þau þurfa því ekki endilega að ganga frá öllu fyrir matartíma heldur geta haldið leik sínum áfram þegar þau eru búin að borða.

Húsnæðið beggja deilda býður upp á að börnin geti leikið bæði í stórum og smærri hópum og nægt rými er til hreyfileikja. Ekki er mikið rými fyrir einstaklingsvinnu eða að börnin geta verið í ró og næði því rýmið er frekar opið. Stundum eru svæði afmörkuðu með færanlegum húsgögnum eða öðrum einingum. Þó svo að rýmið sé afmarkað á þennan hátt gefur það ekki kost á miklu næði eða einstaklingsvinnu. Greinilegt var í vettvangsathugunum að börnin sóttust í minni rýmin sem voru hlýlegri en stærri rýmin. Í minni rýmunum voru til dæmis mottur á gólfinu en í Garðaborg er mikill gólfkaldi. Stórir gluggar veita góða birtu. Þegar vettvangsathuganir fóru fram var lítið um verk barna eða annað sem fangaði athyglina á veggjum leikskólans.

Starfsfólk nýtir húsnæðið vel og skipuleggur umhverfið til að mæta þörfum barnanna á sem fjölbreyttastan hátt. Leiknum er gert hátt undir höfði í öllu starfi yfir daginn. Starfsfólk hefur yfirsýn yfir athafnir barnanna, fylgist vel með leiknum og grípur inn í og styður við börnin þegar þörf er á.

⁶ Upplýsingar frá leikskólastjóra.

⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

⁸ Upplýsingar frá leikskólastjóra.

⁹ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

¹¹ Viðtal við leikskólastjóra.

¹² Foreldrakönnun 2013.

¹³ Starfsáætlun Garðaborgar 2013-2014.

¹⁴ Rýnihópur foreldra.

Starfsmannaaðstaða í Garðaborg er ágæt. Starfsfólk hefur sér inngang þar sem útiföt eru geymd en það rými er frekar þröngt. Kaffistofa starfsfólks er hlýleg og þar hefur hver starfsmaður lítinn skáp fyrir persónulega muni. Starfsmannasalerni er við kaffistofu og innangengt er úr kaffistofu inn í eldhús leikskólans sem skapar mikil samskipti við matráðinn. Við eldhúsið er lítið búr og svo skrifstofa leikskólastjóra. Vegna þessa er mikill umgangur í gegnum eldhúsið sem er ekki alltaf æskilegur.

Engin sérstök aðstaða er fyrir sérkennslu í Garðaborg og ekki heldur sérstök fundaraðstaða. Áður voru tveir inngangar fyrir starfsmenn og tveir fataklefar. Búið er að útbúa lítið undirbúningsherbergi fyrir starfsfólk úr fataklefanum vestan megin. Undirbúningsherbergið er einnig nýtt sem viðtalsherbergi, til dæmis fyrir foreldraviðtöl. Herbergið er lítið og þröngt ef fleiri en einn starfsmaður er í undirbúnings tíma. Auk þess er þar oft kalt því útidyrhurðin er ekki nógu þétt. Leikskólastjórinn sagðist gjarnan vilja bæta starfsmannaaðstöðuna í leikskólanum, „að fólk þyrfti ekki að sitja með teppi yfir sér í undirbúningsingi“.¹⁵ Í forelðrakönnun 2013 kom fram að helmingur foreldra sem svaraði voru ánægðir með ástand húsnæðis leikskólans.¹⁶ Í rýnihóp starfsmanna kom fram að starfsmannaaðstaðan væri ekki nógu góð en „við þurfum bara að gera okkar til að gera það besta“.¹⁷ Húsnæðið uppfyllir ekki að fullu skilyrði um lágmarksaðstöðu skv. 5. gr. reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 að því leyti að ekki er sérstakt rými fyrir sérfræðisþjónustu vegna barna með sérþarfir og deila má um hvort vinnuaðstaða starfsmanna sé fullnægjandi.¹⁸

Engar sérstakar breytingar hafa verið gerðar á húsnæði Garðaborgar vegna hljóðvistar en tennisboltar hafa verið settir undir stólfætur til að draga úr hávaða í matsal.¹⁹ Á meðan á vettvangsathugunum stóð var aldrei mikill hávaði, hvorki inni á deildum þar sem börnin léku sér, né í matsalnum þar sem börnin borðuðu hádegisverð. Deildirnar borða hver á eftir annarri sem dregur einnig úr skruðningum og hávaða á matmálistíma.

Útissvæði

Í forelðrakönnun kom fram að einungis 38% foreldra sem svöruðu voru ánægðir með aðstöðu á lóð leikskólans og að 53% voru óánægðir.²⁰ Í rýnihópum kom einnig fram mikil óánægja með lóðina og efasemdir um öryggi hennar, stórir steinar við rennibraut geta verið slysgildra og húsnæði við bakhlíð lóðar er ekkert haldið við.²¹

Aðstoðarleikskólastjóri sagði að lóðin væri ekki boðleg og væri hreinlega orðin stórhættuleg. „Aðstoðarleikskólastjóri sagði að lóðin væri og lítil og orðin hættuleg, hellur lyftast upp í frosti og skapa misfelli sem margir hrasa um, halli fyrir niðurföll er ekki réttur þannig að stóri pollar myndast í úrkomu og börnin hrasa um ræturnar á stórum öspum á lóðinni.“ Aðstoðarleikskólastjóri sagði enn fremur að starfsfólk gæti ekki lagað garðinn, ástandið væri orðið mjög slæmt og mikilvægt væri að taka lóðina almennilega í gegn.²²

Vettvangsathuganir studdu við þær athugasemdir sem fram komu í viðtölum og í forelðrakönnun. Garðurinn í kringum Garðaborg þarfnast mikillar lagfæringar til að tryggja öryggi barna, foreldra og starfsmanna. Lóðin uppfyllir ekki þau skilyrði sem koma fram í reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla að öll starfsemi skuli miðast við að öryggi barna sé sem tryggast.²³

¹⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁶ Forelðrakönnun 2013.

¹⁷ Rýnihópur starfsmanna.

¹⁸ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

¹⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁰ Forelðrakönnun 2013.

²¹ Rýnihópur foreldra, rýnihópur starfsmanna.

²² Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

²³ Aðalnámsskrá leikskóla 2011, Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Setning nýrra laga um leikskóla árið 2008 hafði lítil áhrif á innra starf Garðaborgar. Í lögnum er m.a. fjallað um samstarf leikskóla og grunnskóla en ekki hefur enn verið komið á samstarfi við grunnskóla hverfisins þó stjórnendur leikskólans hafa mikinn áhuga á því. Í leikskólanum er einnig starfrækt foreldraráð sem gegnir eftirlitshlutverki við leikskólann eins og gert er ráð fyrir í lögum um leikskóla nr. 90/2008.²⁴

Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans

Hagræðing í kjölfar efnahagshruns hafði vissulega áhrif á starfsemi Garðaborgar eins og annars staðar í samfélaginu. Á Garðaborg var ákveðið að taka þá stefnu að greina betur á milli þess sem vantar og þess sem fólk langar í. Sem dæmi má nefna að ákveðið var að hafa oftari hafragraut í morgunmat og ná að spara með því í matarkostnaði. Samt sem áður var áfram unnið eftir þeirri stefnu að vinna eins mikið af mat frá grunni og hægt er. Einnig var gert ráð fyrir minna fé vegna sérkennslu í kjölfar efnahagshrunsins, þó að það hafi ekki verið mikið fyrir, eins og leikskólastjóri komst að orði.²⁵

Skólafélag og áherslur sveitarfélagsins

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar kemur fram að skóla- og frístundasvið rekur 64 leikskóla í borginni. Leiðarljós sviðsins er að börnin njóti bernsku sinnar, læri og þroskist í leik og samveru. Sviðið hefur mótað ákveðna stefnu í einstaka málum, s.s. stefnu um foreldrasamstarf, fjölmenningu og einelti. Unnið er markvisst að auknu foreldrasamstarfi og foreldrar hvattir til virkrar þátttöku í uppeldi. Lögð er áhersla á að styrkja íslenskukunnáttu barna með annað tungumál en íslensku en jafnframt styðja þau og hvetja til að viðhalda sínu móðurmáli. Unnið er með fjölbreytileikann og fjölmenningu er fagnað. Unnið er markvisst gegn einelti, áhersla lögð á velferð og framfarir allra barna, að starfsfólk leikskóla búi börnunum hollt og hvetjandi umhverfi og örugg náms- og leikskilyrði sem grundvallist á lýðræðislegum gildum. Börn í leikskóla fá þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum, skoðanaskiptum og ákvarðanatöku. Markvisst er unnið að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd, félagsfærni og leikni í samskiptum og áhersla lögð á gagnkvæmt traust milli foreldra, starfsmanna og barna.²⁶

Leikskólastjóri telur samstarf sitt við sveitafélagið gott og segist leita til skrifstofu sviðsins eftir ráðgjöf, t.d. varðandi fjármál og starfsmannamál og til að ræða ýmsar hugmyndir við fagfólk sem stendur utan við leikskólann. Starfsfólk fagskrifstofu hefur einnig komið inn í Garðaborg með fræðslu eða fundi varðandi mál sem þykja áhugaverð hverju sinni.²⁷

Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur þættir leikskólans

Hugmyndafræði heimspekingsins John Dewey og kennslufræði kennarans Caroline Pratt liggja að baki starfinu í Garðaborg. Dewey vildi tengja skóla betur við samfélagið svo námið taki mið af heimsóknum út í samfélagið sem barnið vinnur síðan úr þegar það kemur í leikskólann. Dewey leggur einnig áherslu á leikinn sem námsleið þar sem barnið vinnur úr hugmyndum sínum, þroskar þær og eflir eigin sköpun. Áherslan er á ferlið sem barnið fer í gegnum frekar en afurðina.²⁸ Pratt taldi einnig að börn lærðu í gegnum leikinn og að löngun til að læra væri þeim meðfædd. Hún taldi að kubbar og annar opinn efniviður auðveldaði börnum að tjá hugmyndir sínar. Hlutverk kennarans samkvæmt Pratt er að vera til staðar og styðja við barnið á forsendum þess því að barnið stjórnar aðstæðunum.²⁹

²⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁶ Heimasíða Reykjavíkurborgar > Þjónusta > Skólar og frístundir > Leikskólar í Reykjavík > einelti, sérkennsla, foreldrasamstarf, fjölmenningu í leikskóla

²⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁸ Námskrá Garðaborgar, viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

²⁹ Námskrá Garðaborgar, viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Í Garðaborg er lögð áhersla á leikinn og skapandi starf og er því gefið mikið rými í leikskólastarfinu. Litið er á leikinn sem námsleið ungra barna en einnig er áhersla á gleðina sem hann veitir börnum. Í gegnum leik geta börn lært margt sem enginn getur kennt þeim, þau vinna úr eigin reynslu og prófa sig áfram með tilraunir sínar.³⁰ Áhersla er á að leikurinn og opni efniviðurinn skipti mestu máli í starfinu í Garðaborg.³¹

Ein af áherslum leikskólans er umhverfismennt og flaggar Garðaborg grænfánanum sem staðfestir að leikskólinn sé umhverfisvænn. Allt rusl er flokkað, plastpokar eru ekki notaðir og notkun rafmagns og vatns er meðvituð.³²

Síðastliðinn vetur (2013-2014) vann starfsfólk Garðaborgar þróunarverkefni í tengslum við lýðræði og út frá því er lögð áhersla á lýðræðislega starfshætti í leikskólanum. Allir starfsmenn koma nú að stefnumótun leikskólans.³³ Foreldrar hafa einnig tækifæri til að segja hvað þeim finnst mikilvægt í starfinu og elstu börnin í leikskólanum koma að stefnumótun eins og við á hverju sinni. Leikskólastjóri nýtir meðal annars tækifærið til að ræða fjármál leikskólans við þau ef þau tala um að það vanti eitthvað í leikskólann og börnin ganga nú betur um efnivið eins og liti því þau virðast skilja að þeir kosti peninga sem taka þurfi af fjármagni leikskólans.³⁴

Stefna og gildi leikskólans birtast greinilega í starfinu á deildum. Einnig koma áherslur aðalnámskrár og skólanámskrár Garðaborgar skýrt fram. Lýðræðislegir starfshættir eru áberandi í starfi og samskiptum og börnin hafa mikil áhrif á hvað þau gera í leikskólanum. Starfsfólk tekur tillit til áhuga og óska barnanna á báðum deildum. Á yngri deildinni virðist starfsfólk þekkja börnin vel og geta lesið í tjáningu þeirra sem ekki eru farin að geta tjáð sig mikið með orðum og brugðist við óskum þeirra. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri telja báðir að stefna leikskólans komi skýrt fram í starfinu í Garðaborg og endurspeglar í starfsháttum starfsfólks. Áhersla er lögð á að starfsmenn séu til staðar fyrir börnin og læri með þeim, grípi hugmyndir barnanna og vinni með þær. Þetta birtist m.a. í því að starfsmenn sitja á gólfinu með börnunum, ýta undir nám þeirra með spurningum, hafa efnivið aðgengilegan fyrir börnin og gefa þeim tækifæri til að framkvæma hugmyndir sínar ef það er mögulega hægt.³⁵ Þegar foreldrar voru spurðir um stefnu eða gildi skólans voru þeir ekki vissir með gildin en stefnan væri grænn leikskóli og „að börnin lærðu alltaf með abstract leikföngum“. Einnig kom fram hjá foreldrum að allir væru jafn velkomnir sama hvaðan þeir kæmu. Það kemur fram í stefnu leikskólans á heimasíðu og samskipti foreldra við starfsfólk og líðan barna í leikskólanum endurspegla þá áherslu vel, að sögn foreldra.³⁶

Í tengslum við vinnu við nýja skólanámskrá leikskólans hefur verið rætt mikið um hvaða einkunnarorð eða gildi Garðaborg ætti að hafa en ekki hefur komið fram opinber niðurstaða varðandi þetta. Hugrekki, lýðræði og barnasáttmálinn hafa mikið verið rædd í þessu samhengi.³⁷ Ástæðan fyrir því að hugrekki er ofarlega er að starfsfólkið vill að börnin öðlist hugrekki til að vera þau sjálf, prófi nýjar leiðir og láti skoðanir sínar í ljós.³⁸

Styrkleikar

- Hátt hlutfall leikskólakennara.
- Lítil starfsmannavelta.

³⁰ Námskrá Garðaborgar.

³¹ Viðtal við leikskólastjóra.

³² Foreldrahandbók, starfsmannahandbók.

³³ *Lýðræði í Garðaborg*.

³⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

³⁵ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

³⁶ Rýnihópur foreldra, viðtal við pólskt foreldri og starfsmann með pólsku sem móðurmál.

³⁷ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópur starfsmanna.

³⁸ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

- Mikil áhersla á lýðræði og jafnrétti.
- Leikurinn er í öndvegi í öllu starfi í leikskólanum.
- Gott rými er fyrir leik inni á deildum.
- Augljós hæfni starfsfólks til að meta þarfir og áhugasvið barna.
- Skýr hugmyndafræði liggur að baki stefnu leikskólans.
- Stefna leikskólans er sýnileg í starfinu.
- Mikil samábyrgð ríkir í starfsmannahópnum.
- Starfsfólk og foreldrar eru meðvitaðir um áhersluþætti leikskólans.
- Verið er að móta einkunnarorð leikskólans.
- Starfsmenn og stjórnendur eru jákvæðir og meðvitaðir um góða nýtingu fjármuna.
- Gott aðgengi er að móðurmálsstuðningi fyrir pólskar fjölskyldur.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf endurbætur á útisvæði leikskólans og huga að öryggisatriðum svo það standist reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla.
- Leita þyrfti leiða til að koma upp sérstöku rými fyrir sérkennslu til að uppfylla ákvæði laga um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðar um sérfræðiþjónustu nr. 584/2010.
- Æskilegt væri að sérkennslustjóri hefði framhaldsmenntun í sérkennslufræðum til að uppfylla ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu nr. 584/2010.
- Leita ætti leiða til að fjölga smærri leikrymum sem bjóða upp á ró og næði.
- Huga þarf að endurbótum á undirbúningsaðstöðu starfsmanna.
- Huga þarf að aðstöðu til funda (t.a.m. með foreldrum).
- Huga að því að umhverfið á deildum sé hvetjandi og aðlaðandi og að verk barnanna njóta sín.
- Leita leiða til að draga úr gólfkulda, t.d. með mottum.
- Leita leiða til að draga úr umgangi í gegnum eldhús.

Skólanámskrá

Á heimasíðu leikskólans er hægt að nálgast gildandi skólanámskrá en starfsfólk vinnur nú við að setja saman nýja skólanámskrá sem uppfyllir ákvæði laga um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrár leikskóla frá 2011.³⁹ Í gildandi skólanámskrá Garðaborgar kemur stefna leikskólans skýrt fram. Í námskránni er ekki gerð grein fyrir aðferðum skólans við innra mat en nauðsynlegt er að bæta úr því í nýrri skólanámskrá.⁴⁰ Einhverjir þættir sem koma fram í gildandi námskrá eiga ekki lengur við starfið í Garðaborg og því væri æskilegt að fjarlægja þá af heimasíðu leikskólans. Töluverðar breytingar hafa orðið á starfi leikskólans síðustu ár, m.a. vegna þróunarverkefnis um lýðræði og aukinnar áherslu á lýðræði í kjölfarið og ný skólanámskrá þarf að endurspegla það.

Byrjað er að innleiða grunnþætti menntunar sem fjallað er um í aðalnámskrá frá 2011 þó enn sé verið að semja skólanámskrána.⁴¹ Vinnan við nýju skólanámskrána gengur vel og er langt komin. Ákveðið

³⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

⁴⁰ Námskrá Garðaborgar.

⁴¹ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópur starfsmanna.

var að hafa skólanámskrána ekki lengri en 20 blaðsíður í prentaðri útgáfu en í rafrænu útgáfunni verða tenglar á ítarefni sem lesendur geta smeltt á til að fá frekari upplýsingar um einstaka þætti, t.d. ferilmöppur. Hvert námssvið mun fá um eina opnu í prentvænni útgáfu. Þá verður mikil áhersla lögð á að fjalla um hlutverk kennarans og gerð verður grein fyrir hvernig og hvers vegna ákveðið var að vinna nánast eingöngu með opinn efnivið í Garðaborg.⁴²

Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá

Í foreldrakönnun frá árinu 2013 kom fram að 100% foreldra voru sammála því að markvisst væri unnið eftir skólanámskrá.⁴³ Í rýnihóp foreldra kom fram að foreldrar hefðu kynnt sér skólanámskrá, þó ekki ítarlega en þátttakendur voru sammála um að þeim þætti starfið á leikskólanum gott og sögðust líklega myndu velta stefnu og skólanámskrá meira fyrir sér ef þeir væru óánægðir með eitthvað í skólanum.⁴⁴

Vettvangsathuganir sýndu að leikskólastarfið samræmdest að mestu því sem kemur fram í gildandi skólanámskrá og að að fullu þeim áherslum sem leikskólastjóri gerði grein fyrir að yrðu í nýju skólanámskránni.

Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár

Leikskólastjóri hefur séð um gerð starfsáætlunar en allt starfsfólk hefur komið að gerð nýrrar skólanámskrár. Sú vinna hefur m.a. farið fram í umræðuhópum á starfsdögum þar sem fjallað hefur verið um einstaka þætti nýrrar námskrár. Hver hópur tekur einn þátt til umræðu og hóparnir bera síðan saman bækur sínar. Foreldrar eru einnig þátttakendur í þessum fundum og koma því beint að gerð nýrrar skólanámskrár. Frekari úrvinnsla eftir umræður í hópunum hefur verið á ábyrgð leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra.⁴⁵ Börnin í Garðaborg koma ekki að gerð nýrrar skólanámskrár en æskilegt væri að huga að þátttöku þeirra við mótun námskrárinnar í takt við það sem fram kemur í aðalnámskrá frá 2011.⁴⁶

Styrkleikar

- Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár.
- Innleiðing grunnþátta menntunar í aðalnámskrá leikskóla 2011 er hafin.
- Allir starfsmenn taka þátt í gerð nýrrar skólanámskrár.
- Foreldrar taka þátt í gerð nýrrar skólanámskrár.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf við gerð skólanámskrár 2015.
- Hugsa að aðkomu barna við gerð skólanámskrár.
- Æskilegt væri að taka eldri námskrá af heimasíðu.

Stjórnun og starfsfólk

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar rekur 64 leikskóla í borginni. Skóla- og frístundaráð mótir stefnu í menntamálum á vegum Reykjavíkurborgar, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verkefni þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun

⁴² Viðtal við leikskólastjóra.

⁴³ Foreldrakönnun 2013.

⁴⁴ Rýnihópur foreldra.

⁴⁵ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁴⁶ Aðalnámskrá leikskóla 2011

borgarinnar í menntamálum sé fylgt eftir og fylgist með gæðum skólustarfs. Skóla- og frístundaráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kys formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar. Skóla- og frístundaráð fer með verkefni leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, m.a. að fylgja því eftir að öll börn sem rétt eiga á skólavist njóti lögboðinnar fræðslu, hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt, staðfesta starfsáætlanir leikskóla, fylgjast með og stuðla að því að að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu, hafa eftirlit með rekstri og starfi leikskóla, gæta þess að leikskólar á vegum borgarinnar búi við fullnægjandi húsnæði og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi.⁴⁷ Hver og einn leikskóli markar sér sérstöðu með áherslu á ákveðna stefnu eða þætti í starfinu, svo sem samskipti, lestur og ritmál, stærðfræði, heimspeki, náttúru- og umhverfisvernd.

Þegar leitað var eftir svörum formanns skóla- og frístundaráðs benti hann á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Skóla- og frístundasvið veitti Garðaborg góða umsögn. Fagskrifstofa fundar með öllum leikskólastjórum borgarinnar einu sinni í mánuði og formaður skóla- og frístundaráðs reynir að sitja þá fundi sem oftast. Fulltrúi leikskólastjóra, fulltrúi starfsfólks í leikskólum og fulltrúi foreldra leikskólabarna eru áheyrnarfulltrúar í skóla- og frístundaráði. Skóla- og frístundasvið sér um heildarmat á leikskólum borgarinnar í umboði skóla- og frístundaráðs. Heildarmatið byggir á viðmiðum um mat á gæðum leikskólustarfs.⁴⁸ Sviðið leggur reglulega fyrir viðhorfskannanir fyrir starfsfólk og foreldra. Garðaborg hefur jafnan fengið góða útkomu í þeim. Í bréfi frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs hefur Garðaborg verið í fremstu röð hvað varðar fagleg vinnubrögð og þróunarstarf á mörgum sviðum leikskólustarfs. Hlutfall leikskólakennara í Garðaborg er hátt og leikskólastjóri hefur verið duglegur við að sækja sér ráðgjöf og fræðslu. Fagskrifstofa skóla- og frístundasviðs veitir faglega ráðgjöf og fræðslu út í leikskóla. Á skrifstofunni starfa m.a. leikskólaráðgjafar sem veita almenna ráðgjöf við leikskóla- og þróunarstarf, verkefnisstjórar vegna barna með annað móðurmál en íslensku, námskrárvinnu, innra mats, skapandi starfs, jafnréttis og sjálfbærnimenntunar, svo eitthvað sé nefnt. Skóla- og frístundaráði hafa ekki borist kvartanir eða athugasemdir vegna Garðaborgar. Leikskólinn fékk hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vorið 2014 fyrir fyrir fjögur verkefni, þróunarverkefnið „Lýðræði í Garðaborg“, bók barnsins *Leikskólinn þinn*, ljóðabókina *Nú er hann beinagrind upp í himninum* og stuðning við pólskumælandi börn í Reykjavík.⁴⁹

Í viðtölum við starfsmenn kom fram að þeir voru oftast ánægðir með aðkomu að stjórnun og ákvarðanatöku innan leikskólans en ekki alltaf. Þeir nefndu „gamla Garðarborgarlýðræðið“ þar sem fáir taki ákvörðun og „svo er það bara gert“. Þetta sé sjaldgæft en komi fyrir. Umræðum og gagnrýni á þetta fyrirkomulag sé hins vegar vel tekið. Starfsmenn nefndu líka að aðgengi að stjórnendum væri mjög gott, hurðin til leikskólastjóra alltaf opin. Hins vegar mættu stjórnendur huga meira að starfsanda með því að „gera meira saman utan vinnunnar“.⁵⁰

Í foreldrakönnun frá árinu 2013 kom fram að af þeim foreldrum sem svöruðu töldu 94% leikskólanum vera vel stjórnað, 94% gekk vel að ná sambandi við stjórnendur leikskólans og 100% foreldra gekk vel að ná sambandi við deildarstjóra síns barns.⁵¹ Einnig kom fram í öllum viðtölum og rýnihópum að aðgengi að leikskólastjóra væri mjög gott.⁵² Aðstoðarleikskólastjóri telur að starfsfólk hafi gott aðgengi að öllum stjórnendum leikskólans og telur að það sé mikið til komið vegna þess hve lítill leikskólinn er en hann er sjálfur mikið inni á deildum.⁵³ Leikskólastjóri er ekki með sérstaka viðtalstíma en starfsfólk getur komið inn á skrifstofuna þegar því hentar ef það vill ræða við hann. Leikskólastjóri sendir út upplýsingar um það sem er á dagskrá hverju sinni og þannig veit fólk hvenær hann er við. Starfsfólk bankar

⁴⁷ Heimasíða Reykjavíkurborgar.

⁴⁸ Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólustarfs.

⁴⁹ Svar frá Hildi Skarphéðinsdóttur, skrifstofustjóri leikskóla á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

⁵⁰ Rýnihópur foreldra.

⁵¹ Foreldrakönnun 2013.

⁵² Rýnihópur starfsmanna, rýnihópur foreldra, rýnihópur barna, viðtal við sérkennslustjóra, viðtal við deildarstjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁵³ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

ef hurð skrifstofunnar er lokuð og finnst leikskólastjóra það sýna að borin sé virðing fyrir starfinu. Hins vegar kemur fólk oft við ef hurðin er opin.

Leikskólastjóri sagði í viðtali að honum þætti mikilvægt að börnin hafi aðgengi að honum. Börnin í Garðaborg koma stundum við á skrifstofunni til að spjalla við leikskólastjórann, hvort sem það er formlega eða óformlega. Þau eru orðin vön því að hafa aðgengi að leikskólastjóra og þeim finnst það sjálfsagt.⁵⁴ Aðstoðarleikskólastjóri telur einnig að aðgengi barna að stjórnendum sé gott. Börnin fari oft inn til leikskólastjóra og ræði við hann, t.d. ef þau hafa athugasemdir við leikefni eða annað slíkt. Aðstoðarleikskólastjóri starfar mikið inni á annarri deildinni en sagðist ekki viss um að börnin þar viti hvaða stöðu hann gegnir í skólanum. Æskilegt væri að ræða það við þau svo þau viti að aðstoðarleikskólastjórinn er líka stjórnandi og að þau geti borið upp erindi við hann sem slíkan.⁵⁵

Með auknu áherslu á lýðræði í kjölfar þróunarverkefnis hefur starfsfólk fengið fleiri tækifæri til að koma að stjórnun leikskólans. Leikskólastjóri hefur lagt áherslu á að ræða málefni á fundum með öllu starfsfólki og foreldrum svo allir geti tekið þátt í ákvarðanatöku um málefni leikskólans. Leikskólastjóri hefur til dæmis verið að prófa sig áfram með ákvarðanir varðandi fjármagn leikskólans. Honum þykir mikilvægt að foreldrar fái tækifæri til þess að segja sína skoðun á því í hvað fjármagn er notað auk þess sem allt starfsfólk sé ábyrgt í þeim málum. Matráðurinn tók til dæmis að sér að skera niður í matarinnkaupum svo til væru peningar til að gera bækling sem börnin fá við upphaf leikskólagöngunnar, *Leikskólinn minn*.⁵⁶

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári. Starfsfólk sendir leikskólastjóra yfirlit yfir það sem það hefur gert í undirbúningstímanum sínum fyrir starfsmannasamtalið. Leikskólastjóri hefur notað stöðluð blöð frá skóla- og frístundasviði til að undirbúa starfsmannasamtöl en einnig farið aðrar leiðir. Á síðasta ári fékk starfsfólk blað frá leikskólastjóra sem á stóð: „Ég á skilið A fyrir starf mitt í Garðaborg vegna þess að:“ og síðan átti hver og einn að rökstyðja af hverju hann ætti skilið einkunnina A fyrir og hvernig hann stæði sig vel í starfi. Þetta form reyndist vel og gátu allir fundið einhverja ástæðu í sínu starfi fyrir einkunninni A en einhverjir gáfu sér lægri einkunn fyrir suma þætti starfsins. Leikskólastjórinn prófaði þessa leið því hann vildi ræða við starfsmenn um það sem vel er gert, vekja þá til umhugsunar með þessari ögrun og nýjum áherslum en er enn að þróa og finna leiðir sem henta öllum.⁵⁷

Stjórnskipulag og skipurit

Á heimasíðu Garðaborgar er listi yfir starfsfólk, menntun þeirra og starfsheiti.⁵⁸ Ekki er til skipurit fyrir leikskólann en stuðst er við starfslýsingar, sérstaklega varðandi störf deildarstjóra og sérkennslustjóra. Leikskólastjóri leggur áherslu á að dreifa verkefnum innan leikskólans með því að vera í góðu sambandi við starfsfólkið. Leikskólastjóri ber ábyrgð á starfinu í Garðaborg lögum samkvæmt en í samstarfi við allt starfsfólk leikskólans. Stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra er aðeins 6 tímar á viku en hann starfar einnig inni á deild sem almennur leikskólakennari og er staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans. Aðstoðarleikskólastjóri sér um ákveðin verkefni og ber ábyrgð á þeim, t.d. að fara yfir *Vinnustund* sem er tölvukerfi sem heldur utan um vinnutíma og fjarvistir starfsfólks. Leikskólastjóri sér almennt um daglegan rekstur.⁵⁹ Í viðtölum við starfsmenn og stjórnendur kom í ljós ólík sýn á stjórnskipulagslega stöðu og hlutverk millistjórnenda og nokkur óvissa ríkum um hver stjórnskipuleg staða aðstoðarleikskólastjóra er inni á deild, þar sem deildarstjórinn er bæði næsti yfirmaður aðstoðarleikskólastjóra og um leið undirmaður.⁶⁰ Með skýru skipuriti fyrir leikskólann mætti forðast slíkan misskilning.

⁵⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

⁵⁵ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁵⁶ Viðtal við leikskólastjóra.

⁵⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

⁵⁸ Heimasíða Garðaborgar.

⁵⁹ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁶⁰ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra, viðtal við deildarstjóra, rýnihópur starfsmanna.

Skipulag funda og upplýsingamiðlun til starfsmanna

Deildarfundir eru hvern mánudag í 30 mínútur fyrir hvora deild þar sem málefni einstakra barna og innra starf deildarinnar er rætt. Starfsfólk er ánægðara með vikulega deildarfundum en áður voru fundirnir í eina klukkustund hálfsmánaðarlega. Leikskólastjóri og deildarstjórnar hittast alltaf fyrir deildarfundina og fara yfir vikuna sem er framundan. Leikskólastjóri sagði að deildarfundirnir nýttust því til að koma upplýsingum til starfsfólks af fundum stjórnenda. Á stjórnendafundi er m.a. rætt um hvar og hvenær er fyrirsjáanlegt að þurfi að leysa af, til dæmis vegna fjarveru starfsfólks en deildarstjórnarnir sjá um að skipuleggja afleysingar og aðrar breytingar sem verða dags daglega. Matráður kemur stundum inn á stjórnendafundi ef hann vill ræða einhver málefni, en hann tekur virkan þátt í leikskólasamfélaginu í Garðaborg.⁶¹

Leikskólastjóri og sérkennslustjóri eru ekki með fastan fundartíma en þeir hittast oft á föstudögum og ræða hvernig sérkennslumálin ganga til að upplýsa leikskólastjóra um stöðu mála svo hann geti svarað fyrirspurnum varðandi sérkennsluna. Leikskólastjóri sagðist einnig vilja vera upplýstur um það sem er að gerast inni á deildunum og telur það vera sitt hlutverk að leita eftir þeim upplýsingum.⁶²

Almennir starfsmannafundir eru tvisvar á ári, að vori og hausti, og taka foreldrar einnig þátt í þeim fundum. Leikskólastjóri sagði að áhersla væri lögð á umræður um drög að nýju námskránni sem liggja fyrir en mikilvægt væri að bæði starfsfólk og foreldrar hefðu skoðun á því sem rætt er um á fundunum og kæmust að sameiginlegri niðurstöðu. Leikskólastjórinn sagðist í viðtali trúna því að með þátttöku foreldra verði leikskólinn betri, foreldrar og starfsfólk Garðaborgar vinni saman að velferð og hagsmunum barnanna. Eftir að sameiginlegum fundum starfsmanna og foreldra var komið á hafa fleiri þabbar komið inn í starfið, fyrirkomulagið virðist henta þeim betur en hefðbundnir foreldrafundir. Eins hafa augu foreldra opnast og þeir tengst leikskólastarfinu betur þegar þeir heyra starfsfólk lýsa starfi sínu með ákæfð og stolti, sagði leikskólastjóri.⁶³ Leikskólinn útvegar túlka fyrir fundina svo foreldrar með annað móðurmál en íslensku geti tekið fullan þátt í umræðum og ákvörðunum sem teknar eru.⁶⁴

Leikskólastjóri sendir öllu starfsfólki tölvupóst með upplýsingum um fundi í leikskólanum, gesti, frí eða aðra fjarveru starfsfólks. Hver starfsmaður er með spjaldtölvu í vinnunni þannig að upplýsingarnar berast hratt og örugglega. Starfsfólk hefur einnig aðgang að dagbók leikskólastjóra á skrifstofu. Eftir að þetta fyrirkomulag var tekið upp hætti starfsfólk að tala um að það fengi ekki upplýsingar. Mikill kostnaður er við að tengja spjaldtölvurnar við internetið, að sögn leikskólastjóra. Starfsmenn geta líka nýtt sameiginlega nettengda tölvu á deildum en þær nýtast ekki á sama hátt og spjaldtölvurnar.⁶⁵

Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál

Leikskólinn gefur árlega út starfsáætlun sem er borin undir foreldraráð áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008. Í starfsáætlun Garðaborgar er greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári, áherslur í starfi leikskólans á næsta skólaári, leikskóladagatal, matsáætlun, niðurstöður innra mats og umbótaáætlun, upplýsingar um starfsmannahópinn, barnahópinn og foreldrasamvinnu.

Í starfsmannahandbók leikskólans eru ýmsar verklagsreglur, s.s. um móttöku nýrra starfsmanna og þar eru einnig starfslýsingar fyrir alla starfsmenn í leikskólanum. Fjallað er um réttindi og skyldur starfsmanna og þær væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra.⁶⁶ Starfsmannahandbókin er ítarleg og nær vel yfir alla þætti starfsins. Hins vegar nýtist hún ekki eins og skyldi þar sem hlutverk hennar er einkum að kynna starfið fyrir nýju starfsfólki leikskólans. Þeir sem hafa unnið lengur í Garðaborg

⁶¹ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁶² Viðtal við leikskólastjóra.

⁶³ Viðtal við leikskólastjóra.

⁶⁴ Viðtal við pólskt foreldri og starfsmann með pólsku sem móðurmál.

⁶⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

⁶⁶ Starfsmannahandbók Garðaborgar.

eru ekki nógu meðvitaðir um innihald handbókarinnar.⁶⁷ Starfsmannastefnan yrði markvissari ef meiri áhersla væri lögð á starfsmannahandbókina.

Í samtölum við starfsmenn kom fram að í litlum leikskóla með svo hátt hlutfall faglærðra komi upp óvenjuleg vandamál, eins og að erfitt geti verið að fá stöðuhækkun nema skipta um skóla. Þeir nefndu líka að í staðinn þyrftu starfsþróunarsamtöl að vera markvissari. Þannig gætu þeir þróast áfram í starfi þrátt fyrir að fá ekki stöðuhækkun. Ef deildarstjóri tæki einhvern þátt í starfsþróunarsamtölum væri hann meðvitaðri um faglegan metnað starfsmanna sem næsti yfirmaður þeirra. Þannig gæti hann betur miðað starfið og verkaskiptingu á deildinni við áhuga og metnað starfsmanna. Sömuleiðis kom fram að deildarstjórar mættu hafa meira að segja um hvort starfsmaður geti fengið frí á tilteknum degi því þeir þekktu vel hvenær mikið eða lítið álag er á deildunum.⁶⁸ Í viðtali við leikskólastjóra kom hins vegar fram að stjórnendafundur væru vettvangur fyrir umræðu og samráð um fjarvistir og afleysingar.⁶⁹ Með skýrari verkferlum og verkaskiptingu milli stjórnenda mætti forðast þesskonar misskilning.

Styrkleikar

- Garðaborg fær góða umsögn frá skóla- og frístundasviði.
- Garðaborg hefur góðan aðgang að faglegri ráðgjöf hjá skóla- og frístundasviði.
- Starfsmenn og foreldrar hafa góðan aðgang að stjórnendum.
- Börn hafa góðan aðgang að stjórnendum.
- Leikskólastjóri nýtir skilvirkar leiðir til að miðla upplýsingum til starfsfólks.
- Vikulegir deildarfundir styðja við faglegt starf á deildunum.
- Leikskólastjóri leitast við að gera starfsmannasamtöl markvissari með því að prófa nýjar leiðir.
- Ítarleg starfsmannahandbók.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans.
- Efla millistjórnendur og hafa skýra verkaskiptingu milli stjórnenda.
- Upplýsa millistjórnendur um möguleika á aukinni ábyrgð.
- Leggja áherslu á að vinna eftir starfsmannahandbók.
- Gera starfsáætlun yfirstandandi skólaárs aðgengilega 1. september ár hvert.
- Skoða hvernig hægt er að gera starfsþróunarsamtöl markvissari.

Uppeldi, menntun og umönnun

Í aðalnámskrá leikskóla 2011 er lögð áhersla á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Þar segir: „Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.“⁷⁰ Í Garðaborg er leiknum gert hátt undir höfði og er ríkjandi öllu leikskólastarfinu. Í foreldrakönnun frá árinu 2013 töldu allir sem svöruðu að leikskólinn kæmi vel til móts við þarfir barns þeirra, sýndi barninu umhyggju, að

⁶⁷ Rýnihópur starfsmanna, viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁶⁸ Rýnihópur starfsmanna, rýnihópur deildarstjóra.

⁶⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁰ Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 83.

barnið væri öruggt í leikskólastarfinu, að leikskólinn sinnti líkamlegri umönnun barnsins vel og voru ánægðir með þjónustu vegna sérstakra þarfa barnsins.⁷¹ Þessi viðhorf komu einnig fram í rýnihópi foreldra þar sem allir voru mjög ánægðir með uppeldi, umönnun og samskipti starfsfólks við barnið og milli barnanna.⁷²

Leikföng og efniviður

Í Garðaborg er eingöngu notað opið leikefni og er það ein af sérstöðum leikskólans. Opinn efniviður þýðir að allt sem börnin leika sér með leiðir ekki til ákveðinna lausna heldur ýtir undir sköpunarkraft og leikgleði. Það er því eingöngu háð hugmyndum barnsins hvernig og hver lausnin er. Dæmi um leikefni eru einingakubbar, holukubbar, vatn, sandur, leir, margar gerðir af litum og verðlaus og náttúrulegur efniviður. Markmiðið með opnum efniviði er að æfa skapandi og gagnrýna hugsun sem styrkir einstaklinginn til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi. Í gegnum byggingaleik læra börnin m.a. stærðfræði, samskipti, samfélagsfræði og í leik með einingakubba örva þau alla þroskaþætti. Litið er svo á að samvera og samræða barna, starfsfólks og foreldra sé þó alltaf mikilvægasti opni efniviðurinn í starfinu. Þekking og áhugi leikskólakennarans er grundvöllur góðs leikskólastarfs,⁷³ það hvað börnin sjá í efniviðnum sem þeim er boðið upp á og hvernig kennarinn nálgast leikinn. Barn getur opnað lokað leikefni og eins getur leikskólakennari lokað opnu leikefni. Sama viðhorf kom fram í rýnihóp starfsmanna, börnin fá t.d. að leika sér með lykla sem og nota þá á mjög fjölbreyttan máta, jafnvel sem bíla í bílaleik. Börnin hafa til þessa aldrei kvartað undan því að fá ekki bíla að leika með.⁷⁴

Inni á deildum er efniviður yfirleitt aðgengilegur fyrir börnin og í vettvangsathugunum sást að börnin á eldri deildinni geta valið sér efnivið eftir áhuga en þó alltaf með samþykki starfsmanns. Á yngri deildinni eru börnin ekki talin hafa náð þroska til að geta valið á milli of margra kosta og velur starfsfólk hvaða efniviður var í boði hverju sinni og býður upp á hann. Allur efniviður virðist þó vera sýnilegur börnunum, t.d. í glærum kössum uppi á hillu. Starfsfólk tekur tillit til áhuga barnanna á efnivið og gerir hann aðgengilegan ef hann er það ekki fyrir. Starfsfólk fer með efnivið á milli rýma innan deildar og virðist duglegt að lesa í áhuga og þarfir barnahópsins hverju sinni. Í námskrá Garðaborgar kemur fram að opinn efniviður ýtir undir sköpun og ímyndunarafl barna og er tilvalinn til að koma til móts við þarfir þeirra og áhuga.⁷⁵ Í vettvangsathugunum sást að sá efniviður sem var í boði var áhugaverður fyrir börnin og þau voru yfirleitt djúpt sokkin í leikinn. Þau notuðu leikefnið á fjölbreyttan máta og beittu ímyndunaraflinu.

Líðan barna

Í vettvangsathugunum voru börnin yfirleitt glöð og áhugasöm í leik. Samskipti barnanna virtust góð og samskipti starfsfólks við börnin voru uppbyggjandi og einkenndust af virðingu. Í foreldrakönnun töldu allir þeir sem svöruðu barnið sitt vera ánægt í leikskólanum og því liði vel þar og 94% fannst barnið sitt aðlagast vel í barnahópnum.⁷⁶ Í viðtölum við foreldra kom fram mikil almenn ánægja með líðan barns í leikskólanum, óháð tungumáli barnsins eða bakgrunni.⁷⁷ Í rýnihópi barna kom fram að þeim þætti skemmtilegt í leikskólanum, þau réðu við hvern þau léku og mættu hætta að leika „ef maður gengur frá því eftir“ og að þeim liði best ef þau ættu marga vini. Þegar þau voru spurð hver réði hvað þau gerðu í leikskólanum þá fannst þeim kennarinn ráða því en sögðu: „Við erum lítil börn, við ráðum ekki heldur heima hjá okkur...lítil börn geta ekkert ráðið“.⁷⁸

⁷¹ Foreldrakönnun 2013.

⁷² Rýnihópur foreldra.

⁷³ Námskrá Garðaborgar, viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁷⁴ Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópur starfsmanna.

⁷⁵ Námskrá Garðaborgar.

⁷⁶ Foreldrakönnun 2013.

⁷⁷ Rýnihópur foreldra, viðtal við pólskt foreldri og starfsmann með pólsku sem móðurmál.

⁷⁸ Rýnihópur barna.

Lýðræði og mannréttindi

Mikil áhersla er lögð á lýðræði í Garðaborg. Sú áhersla er í samræmi við aðalnámskrá leikskóla 2011 þar sem kemur fram að lýðræði sé einn af grunnþáttum menntunar og ætti því að fléttast inn í allt leikskólastarfið.⁷⁹ Síðastliðinn vetur (2013-2014) var unnið þróunarverkefni í leikskólanum um lýðræðislega starfshætti og má greinileg sjá áhrif þess á starfshætti í leikskólanum, í viðhorfum og í samtölum við starfsfólk, foreldra og börn.⁸⁰

Starfsfólk hlustar á börnin og leyfir þeim að stýra ýmsum verkefnum. Kennarinn leggur e.t.v. af stað með ákveðið verkefni í huga en ef börnin hafa aðrar hugmyndir er þeim fylgt eftir og verkefnið breytist í takt við þær. Dæmi um slíkt er vinna með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en á starfsdegi var ákveðið að fara að vinna með þemu Barnasáttmálans með börnunum. Byrjað var að vinna með þemað um heimili og umhverfi sem hlaut dræmar undirtektir. Í samráði við börnin var áherslum breytt, þau höfðu mikinn áhuga á líkamsstarfsemi og unnið var áfram með það í tengslum við rétt barna til heilsu skv. Barnasáttmálanum. Þannig stýra börnin á hvaða máta unnið er með sáttmálann og nálgunin verður fersk og fjölbreytt.⁸¹ Börnin hafa einnig heilmikið að segja um lífið í leikskólanum, þau hafa fengið að velja hvaða ávexti matræðurinn pantar, hvaða litur er á litadögum sem eru í hverjum mánuði og þau ákveða hvaða viðfangsefni þau vilja hafa í valinu.⁸² Þau fá því mörg tækifæri til að taka ákvarðanir um þætti leikskólastarfsins sem starfsfólk sá áður um. Þau ákveða sjálf hvaða teikningar þau vilja halda upp á og fara með heim og hvaða teikningar þau vilja ekki eiga. Áður sá starfsfólk um þetta þegar skúffur barnanna voru orðnar fullar, án þess að taka tillit til skoðana barnanna. Börnin koma líka sjálf með hugmynd að jólagjöf til foreldra sinna og útfæra hana, en áður gerðu allir á deildinni eins jólagjöf. Enn eitt dæmið um áhrif barnanna er að þegar leikskólinn átti stórafmæli á síðasta ári fengu þau að skipuleggja hvernig yrði haldið upp á það. Börnin læra að taka þátt í lýðræðislegum kosningum í Garðaborg þar sem meirihlutinn ræður hvaða ákvörðun er tekin varðandi suma þætti í leikskólastarfinu. Við slíkt val kemur læsið líka inn,⁸³ en það er einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá.⁸⁴ Þegar barn byrjar í Garðaborg fær það bæklinginn *Leikskólinn minn* þar sem farið er yfir hvernig dagurinn í leikskólanum gengur fyrir sig á myndrænan hátt. Börnin hafa tekið þátt í að útbúa þennan bækling og mynda það sem þeim finnst mikilvægt að komi fram um leikskólastarfið.⁸⁵

Í rýnihóp foreldra kom fram að mikil áhersla væri á að börnin hefðu val, t.d. við að klæða sig, við að borða, um að hætta að leika og hvern leikið væri við. Ennfremur kom fram að valið er óháð því hvaða tungumál barnið talar, starfsmenn reyna að finna leiðir til að veita börnum val þó þau tali ekki íslensku eða hafi takmarkaðan málþroska.⁸⁶

Samskipti og hegðun

Í námskrá Garðaborgar er fjallað um lífsleikni og samskipti. Þar segir að mikilvægt sé að leikumhverfið ýti undir sköpun og sjálfstæða hugsun barnanna til að gera þau hæfari til að takast á við umhverfið. Með því læra þau að bera virðingu fyrir sjálfum sér, sjálfstraust þeirra eykst, þau verða hæfari í samskiptum, læra að fara eftir reglum samfélagsins og bera virðingu fyrir margbreytileikanum.⁸⁷ Börnin eru upplýst um ákvarðanir varðandi leikskólastarfið með umræðum. Börnin taka þátt í að móta reglur leikskólans í samvinnu við starfsfólkið. Reglurnar eru fáar og eru hafðar í ljósmyndaformi svo að börnin eigi auðveldara með að skilja þær. Reglurnar snúast mest um umgengni, t.d. hvernig á að ganga um í listasmiðjunni.⁸⁸

⁷⁹ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

⁸⁰ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra, rýnihópur starfsfólks, rýnihópur foreldra, rýni hópur barna, viðtal við deildarstjóra, viðtal við sérkennslustjóra.

⁸¹ Rýnihópur starfsmanna.

⁸² Viðtal við leikskólastjóra.

⁸³ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁸⁴ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

⁸⁵ *Leikskólinn minn*, viðtal við leikskólastjóra.

⁸⁶ Rýnihópur foreldra og viðtal við pólskt foreldri og starfsmann með pólsku sem móðurmál.

⁸⁷ Námskrá Garðaborgar.

⁸⁸ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Skólaþróun

Mikilvægur hluti skólaþróunar er símenntun starfsmanna og þróunarsamstarf við aðila utan skólans. Ekki er til formleg símenntunaráætlun en í starfsáætlun 2013-2014 kemur fram hvaða námskeið og fyrirlestra starfsfólk sótti. Sérkennslustjóri sagðist vera mjög duglegur að sækja námskeið tengd sérkennslu.⁸⁹ Í rýnihóp starfsmanna kom fram jákvætt viðhorf til að sækja sér frekari menntun.⁹⁰

Í Garðaborg hefur verið unnið að ýmsum þróunarverkefnum, bæði formlegum og óformlegum. Leikskólinn var einn fjögurra svonefndra Bugðuleikskóla en formlegt samstarf þeirra hófst í október 2007 og fólst í sameiginlegum markmiðum um uppeldisstarf og starfsmannastefnu.⁹¹ Samstarfið hefur nú fjarað út en áherslurnar lifa enn í Garðaborg.⁹² Síðastliðinn vetur var unnið þróunarverkefni um lýðræði í Garðaborg. Verkefnastjóri var Kolbrún Vigfúsdóttir og faglegur ráðgjafi var Hjalti Hrafn Hafþórsson. Markmiðið var að þróa lýðræðislegar aðferðir við stjórnun leikskólans með aðkomu barna, foreldra og starfsfólks, þar sem allir hagsmunaaðilar koma að ákvörðunum um uppeldisaðferðir, nýtingu fjármagns og starfsmannahald. Verkefnið gekk mjög vel og voru foreldrar og starfsfólk sammála um að halda áfram að þróa lýðræðisleg vinnubrögð og stjórnendur telja að lýðræðislegir stjórnunarhættir séu komnir til að vera í Garðaborg.⁹³ Önnur óformlegri þróunarverkefni eru t.d. ljóðagerð með börnunum og vinna með Barnasáttmálann. Garðaborg fékk hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs 2014 fyrir fjögur verkefni, m.a. ljóðabók eftir börnin. Leikskólastjóri hefur óskað eftir að fara í sameiginlegt þróunarverkefni með grunnskólanum í hverfinu til að auka samstarf á milli skólastiganna og bíður eftir viðbrögðum frá grunnskólanum.⁹⁴ Í Garðaborg er lítið svo á að mikilvægt sé að festa þróunarverkefni í sessi í starfinu en það er jafnframt mikil kúnt. Árangursríkt er að halda samræðum um áherslur verkefnanna gangandi.

Styrkleikar

- Börnunum líður vel í leikskólanum.
- Lýðræðislegt samstarf einkennir samskipti.
- Börnin hafa tækifæri til að hafa áhrif á leikskólastarfið.
- Mikil áhersla er lögð á að sýna börnum virðingu.
- Börnin eru upplýst um ákvarðanir sem þau varðar.
- Unnið er með Barnasáttmálann eftir áhugasviðum barnanna.
- Samskipti innan starfsmannahópsins og samskipti starfsfólks við börn og foreldra eru góð.
- Skýr stefna er um efnivið í leikskólanum.
- Efniviður er aðgengilegur börnum með tilliti til aldurs þeirra.
- Efniviðurinn er áhugaverður fyrir börnin og heldur þeim við efnið.
- Foreldrar eru ánægðir með faglegt starf í leikskólanum.
- Áhrifa þróunarverkefna gætir eftir að þeim er lokið.
- Unnið er að fjölbreyttum þróunarverkefnum.

⁸⁹ Viðtal við sérkennslustjóra.

⁹⁰ Rýnihópur starfsmanna.

⁹¹ Skýrsla um námskrárgerð Bugðuleikskóla.

⁹² Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁹³ Viðtal við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra.

⁹⁴ Viðtal við leikskólastjóra, Lýðræði í Garðaborg.

- Leikskólinn hefur fengið fern hvatningarverðlaun fyrir þróunarverkefni frá skóla- og frístundaráði.
- Sífelld framþróun er í leikskólastarfinu.
- Leikskólinn hefur verið í samstarfi við aðra leikskóla um þróunarverkefni.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að gera formlega símenntunaráætlun.

Skólabragur og samskipti

Leikskólastjóri telur að skólabragur sé almennt góður í leikskólanum.⁹⁵ Þátttakendur í rýnihópi starfsmanna voru sammála um að fagmennska, samræða og virðing einkenndu Garðaborg og andrúmsloftið væri afslappað og þægilegt. Foreldrar í rýnihópi nefndu góð samskipti, vel samstilltan hóp og gott starfsfólk.⁹⁶ Í foreldrakönnun kom fram að 88% svarenda voru ánægðir með viðmót deildarstjórans við barnið, 91% voru ánægðir með viðmót deildarstjórans við sig og 97% með viðmót annars starfsfólks.⁹⁷ Í vettvangsathugunum einkenndust öll samskipti af virðingu og þau virtust vera einlæg. Samstarf og samábyrgð starfsfólks eru sýnileg og starfsmannahópurinn er samhentur. Andrúmsloftið er afslappað og jákvæður andi og gleði ríkir í leikskólanum.

Forvarnaráætlun um einelti er til fyrir Reykjavík sem getið er á heimasíðu en ekki er allt starfsfólk meðvitað um hana og því þarf að taka hana upp á hverju ári og skoða með hópnum. Hugsanlega ætti slíkt að vera hluti af innra mati leikskólans, að mati leikskólastjóra.⁹⁸ Þegar foreldrar voru spurðir um forvarnaráætlun og eineltismál könnuðust þeir við slíka umræðu úr foreldraviðtölum.⁹⁹ Í rýnihóp starfsmanna kom fram að ekki væri eineltisáætlun við skólann en líklega væri til forvarnaráætlun frá sveitarfélaginu.¹⁰⁰

Starfsandi

Í námskrá Garðaborgar kemur fram að mikilvægt sé að samskipti milli starfsfólks séu traust og hlý. Áhersla er á að starfsfólk virði skoðanir hvers annars og geti rætt saman, skipst á skoðunum, veitt hvert öðru ráðleggingar og miðlað hugmyndum.¹⁰¹ Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsandinn einkennist af samræðu og gagnkvæmri virðingu allra¹⁰² og það sást einnig í vettvangsathugunum.

Í Garðaborg er stefnt að góðu samfélagi þar sem öllum líður vel og hver einstaklingur fær að njóta sín, bæði börn og fullorðnir. Samskipti starfsfólks eru góð og einkennast af lýðræðislegum vinnubrögðum, að mati stjórnenda, og nýtt starfsfólk talar um að vel sé tekið á móti því í leikskólanum. Samskipti milli barna og fullorðinna eru einnig góð og börnin geta alltaf leitað til starfsfólks og fengið svör við því sem þau leita eftir. Samskipti milli barnanna eru eðlileg en auðvitað koma upp árekstrar þeirra á milli.¹⁰³ Lykillinn að góðu samstarfi er að eiga góðar, ánægjulegar stundir saman og að láta sig aðra varða, að sögn leikskólastjórans.¹⁰⁴ Stundum gerir starfsfólk Garðaborgar eitthvað saman utan vinnunnar til að

⁹⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

⁹⁶ Rýnihópur starfsmanna, rýnihópur foreldra.

⁹⁷ Foreldrakönnun 2013.

⁹⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

⁹⁹ Rýnihópur foreldra.

¹⁰⁰ Rýnihópur starfsmanna.

¹⁰¹ Námskrá Garðaborgar.

¹⁰² Rýnihópur foreldra, rýnihópur starfsmanna, viðtal við deildarstjóra, viðtal við foreldri og starfsmann með pólsku sem móðurmál, viðtal við sérkennslustjóra.

¹⁰³ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra, viðtal við leikskólastjóra.

¹⁰⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

efla jákvæðan starfsanda. Í leikskólanum er skemmtinefnd sem kemur með tillögur um hvað sé hægt að gera saman og svo er hverjum og einum starfsmanni frjálst að taka þátt eða ekki.¹⁰⁵

Allir fá tækifæri til að segja sína skoðun og hefur sú áhersla aukist eftir þátttökuna í þróunarverkefninu um lýðræði.¹⁰⁶ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að stjórnendur gætu gert meira til að viðhalda góðum starfsanda, t.d. að gera eitthvað saman utan vinnu sem sé við hæfi bæði yngri og eldri starfsmanna. Einnig kom fram að ef mikið álag er, t.d. vegna fjarveru starfsfólks, geti komið upp kergja hjá stjórnendum. Einn ókosturinn við lítinn leikskóla er hversu fáir geta hlaupið undir bagga og þá þurfi allir að geta unnið undir álagi án þess að það bitni á samskiptunum.¹⁰⁷ Leikskólastjóri telur að samstarf í Garðaborg sé gott í heildina, þó vissulega sé stundum tekist á um einhver málefni, samheldni milli deilda hefur aukist og samstarf deildarstjóra er gott. Yngstu börnin á eldri deildinni og elsti hópurinn á yngri deildinni hittast þrisvar í viku og vinna ákveðin verkefni saman. Það er um leið ákveðinn undirbúningur fyrir börn af yngri deildinni að fara yfir á eldri deildina. Húsnæðið er einnig betur nýtt, ef börnin af annarri deildinni eru úti þá nýtir hin deildin þeirra svæði inni.¹⁰⁸

Leikskólastjóri fer reglulega inn á deildirnar til að fylgjast með starfinu, ýmist sem þátttakandi eða sem áhorfandi, og veitir endurgjöf á starfið.¹⁰⁹ Aðstoðarleikskólastjóri fylgist einnig stundum með starfinu á deildinni sem hann er ekki starfsmaður á.¹¹⁰ Eftir að niðurstöður könnunnar meðal starfsfólks sýndu að starfsfólki fyndist því ekki vera hrósað í vinnunni, fór leikskólastjórinn að skoða nánar hvernig hann hrósar starfsfólkinu sínu og ákvað að huga vel að því að hrósa ekki á hlaupum heldur að setjast niður og ræða um það sem vel er gert, til dæmis í undirbúningstíma viðkomandi starfsmanns. Mikilvægt er að lesa í hvern einstakling, sumir vilja fá hrós þannig að allir heyri en öðrum finnst það óþægilegt.¹¹¹ Aðstoðarleikskólastjóri sagðist lítið vera að hrósa fólki enda væri staða hans stundum flókin því hann gegni ekki yfirmannsstöðu nema að litlum hluta og væri líka almennur leikskólakennari undir stjórn deildarstjóra.¹¹²

Jafnrétti

Í Garðaborg er lögð áhersla á jafnrétti og jöfn tækifæri, að allir hafi rödd og að engin skoðun sé réttari en önnur.¹¹³ Í rýnihóp foreldra kom fram mikil ánægja með hversu vel gengi að tryggja jafnrétti og virðingu fyrir börnum. Einnig kom fram að foreldrar eru ánægðir með að karlmaður vinnur inni á deild, mikilvægt væri að börnin hefðu fyrirmyndir af báðum kynjum.¹¹⁴ Foreldri barns með annað móðurmál en íslensku talaði um hversu mikið val barnið hefði og að tungumálið væri þar engin fyrirstaða.¹¹⁵

Styrkleikar

- Góður skólabragur.
- Skoðanir barna eru virtar og tekið tillit til þeirra eins og kostur er.
- Skoðanir starfsfólks eru virtar og tekið tillit til þeirra eins og kostur er.
- Samskipti einkennast af virðingu, vináttu og fagmennsku.

¹⁰⁵ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹⁰⁶ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹⁰⁷ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við deildarstjóra, rýnihópur starfsmanna.

¹⁰⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁰⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

¹¹⁰ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹¹¹ Viðtal við leikskólastjóra.

¹¹² Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹¹³ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹¹⁴ Rýnihópar foreldra og viðtal við pólskt foreldri og starfsmann með pólsku sem móðurmál.

¹¹⁵ Viðtal við pólskt foreldri og starfsmann með pólsku sem móðurmál.

- Gott samstarf er á milli deilda.
- Unnið er að samfelli á milli eldri og yngri deildar.
- Mikil ánægja er með samskipti meðal foreldra, starfsmanna og stjórnenda.

Tækifæri til umbóta

- Gæta að góðum samskiptum í starfsmannahópnum á álagstímum.
- Taka ætti tillit til breiðs aldursbils í starfsmannahópnum við skipulagningu viðburða utan vinnutíma.
- Móta þarf áætlun um viðbrögð við einelti og ágreiningi í starfsmannahópnum.

Mat á námi og velferð barna

Í aðalnámskrá leikskóla 2011 segir: „hver leikskóli á að þróa fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska barna, nám, vellíðan og færni og móta sérstakt vinnulag þar um. Fjalla þarf um vinnulagið í skólanámskrá, hafa það aðgengilegt þeim sem málið varðar og tengja það innra mati leikskólans eftir því sem við á“.¹¹⁶

Ekki eru notaðar sérstakar staðlaðar aðferðir til að meta nám og velferð barnanna í Garðaborg.¹¹⁷ Starfsmenn í rýnihópi sögðu að skráningar væru notaðar við mat á námi barnanna og í rýnihóp foreldra kom fram að í foreldraviðtölunum fá þeir að vita stöðuna hjá sínu barni.¹¹⁸ Stefnt er að því að nota ferilmöppur barna á yngri deild sem hluta af mati á námi og velferð barna, m.a. að fylgjast með og skrá viðbrögð barnanna sjálfra við ferilmöppunum, senda þær heim með barninu svo foreldrar geti rætt við barnið um nám þess og nýtt það sem undirstöðu í foreldraviðtölum. Hugmyndina þarf að ræða og útfæra betur áður en hún kemur til framkvæmdar, að sögn leikskólastjóra.¹¹⁹

Styrkleikar

- Skráningar eru notaðar til að meta nám og velferð barna.
- Foreldrar eru upplýstir um nám og þroska barna sinna.

Tækifæri til umbóta

- Móta skýrari verkferla um skráningar og úrvinnslu þeirra.
- Nota fjölbreyttari aðferðir við mat á námi og velferð barna.
- Æskilegt væri að tengja mat á námi og velferð barna innra mati leikskólans.
- Fjalla ætti um vinnulag á mati á námi og velferð barna í skólanámskrá.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Í námskrá Garðaborgar kemur fram að áhersla sé á jákvæð dagleg samskipti við foreldra og gott samstarfi milli heimilis og skóla. Foreldrar eru velkomnir í heimsókn í leikskólann til að fylgjast með leikskólastarfinu. Starfsfólk er með viðtalstíma í undirbúningstíma sínum ef foreldrar óska þess. Foreldrar fá einnig senda árlega starfsáætlun í tölvupósti.¹²⁰ Til er skrifleg áætlun um þátttökuaðlögun sem er

¹¹⁶ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

¹¹⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

¹¹⁸ Rýnihópur starfsmanna, rýnihópur foreldra.

¹¹⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

¹²⁰ Námskrá Garðaborgar.

einskonar móttökuáætlun nýrra barna og foreldra.¹²¹ Þegar barn byrjar í leikskólanum geta foreldrar valið hvort fyrsta viðtal fari fram í leikskólanum eða á heimili barnsins. Samkvæmt aðstoðarleikskólastjóra hefur dregið úr því að foreldrar vilji heimaviðtöl.¹²² Foreldrahandbók er einnig til í Garðaborg þar sem sagt er frá helstu áherslum leikskólans og farið stuttlega yfir helstu þætti starfsins. Handbókin er aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu leikskólans á íslensku og pólsku og þar er hægt að nálgast ítarefni um valda þætti starfsins.¹²³ Ekki er til skrifleg móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku en starfsfólk Garðaborgar hefur nýtt sér efni af vef Reykjavíkurborgar til að koma upplýsingum til foreldra með annað móðurmál en íslensku. Pólskumælandi starfsmaður talar við pólska foreldra og leikskólastjórinn fær túlka fyrir foreldra með önnur móðurmál. Starfsfólk nýtir tæknina og spjaldtölvur til að miðla til foreldra, sérstaklega foreldra sem tala litla eða enga íslensku, og senda t.d. myndir af barninu í leik og öðrum athöfnum.¹²⁴ Í starfsmannahandbók kemur fram að mikilvægt sé að heilsa og kveðja hvert barn og foreldri daglega en aðrar reglur um samskipti við foreldra eru ekki skriflegar. Aðstoðarleikskólastjóri sagði að ástæðan gæti verið sú að í leikskólanum starfi mikið af leikskólakennurum sem eru öruggir í samskiptum og þurfi ekki sérstakar reglur til að fara eftir.¹²⁵ Starfsfólk er stöðugt að leita leiða til að fá foreldra til að taka meiri þátt í leikskólastarfinu. Einstaka sinnum koma foreldrar án fyrirvara og því er fagnað, en annars eru fastir viðburðir sem foreldrum er boðið að taka þátt í. Foreldrar eru til að mynda ávallt velkomnir í morgunmat með börnunum og sumir nýta það. Einnig má nefna samveru þar sem sólstöðum er fagnað og kom sú hugmynd frá einu foreldri. Opin vika er í kringum dag leikskólans og eru foreldrar þá sérstaklega velkomnir til að taka þátt í starfinu. Foreldrar komu á framfæri ósk um að hafa ákveðna viku þar sem þeim er sérstaklega boðið í heimsókn, það veiti þeim ákveðið aðhald og ýti á að þeir komi og fylgist með starfinu. Einnig skiptast börnin á að vera það sem kallað er „stjarna vikunnar“ og þá koma foreldrar og taka þátt í starfinu, lesa fyrir börnin, spila á hljóðfæri eða eitthvað álíka.¹²⁶ Börnin hafa líka farið í vinnustaðaferðir þar sem vinnustaðir foreldra eru heimsóttir og það er gert í samvinnu við foreldrana og að ósk barnanna.¹²⁷

Starfsfólk leggur sig fram um að leita eftir tillögum og álitum foreldra á starfinu, t.d. á sameiginlegum fundum þar sem m.a. hefur verið rætt um skóladagatalið. Annað hvert ár gerir skóla- og frístundasvið foreldrakönnun þar sem foreldrum gefst kostur á að koma sínum skoðunum á framfæri.¹²⁸ Bæði foreldrar og starfsfólk telja að dagleg samskipti hafi aukist og breyst eftir þátttöku í lýðræðisverkefninu. Samskiptin séu nú orðin léttari, opnari og afslappaðri en áður.¹²⁹

Síðast var foreldrakönnun lögð fyrir 2013 og var svarhlutfallið 32 af 48 eða 67%. Meirihluti svarenda voru mæður eða 63% en 28% voru feður. Í könnuninni kom fram að 94% foreldra voru ánægðir með síðasta foreldraviðtal, 88% fannst þeir fá nægar upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum og 88% voru ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans þegar á heildina var litið. Foreldrar voru ekki jafn ánægðir með heimasíðuna en 57% voru ánægðir með hana og 53% voru ánægðir með fréttir á heimasíðunni. Foreldrar voru einnig spurðir hvernig þeir vildu helst fá upplýsingar frá leikskólanum, 97% nefndu tölvupóst, 78% nefndu auglýsingar eða tilkynningar á töflu, 50% á heimasíðu leikskólans en aðeins 19% vildu fréttablað í hólf barnsins.¹³⁰ Í rýnihópum foreldra kom fram að heimasíðan væri frekar óvirk en að upplýsingaflæði væri samt sem áður mjög gott. Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með samskiptin við leikskólann, að því er fram komi í rýnihópi þeirra, og sögðu að allir starfsmenn virtust vera með á hreinu hvernig dagurinn hjá sínu barni hefði verið.¹³¹ Einnig er almenn ánægja var með þátttökuaðlögunina, bæði hjá starfsmönnum og foreldrum og var hún nefnd sem hugsanleg ástæða fyrir góðum samskiptum foreldra og starfsmanna.¹³²

¹²¹ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹²² Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹²³ Foreldrahandbók, heimasíða Garðaborgar.

¹²⁴ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹²⁵ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹²⁶ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹²⁷ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹²⁸ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra, Lýðræði í Garðaborg.

¹²⁹ Lýðræði í Garðaborg.

¹³⁰ Foreldrakönnun 2013.

¹³¹ Rýnihópur foreldra.

¹³² Rýnihópur foreldra, rýnihópur starfsmanna.

Foreldraráð og foreldrafélag

Í Garðaborg er starfrækt foreldraráð og kosið er í það að hausti. Auglýst er með tveggja vikna fyrirvara eftir framboðum foreldra, en aldrei hefur þurft að kjósa í ráðið vegna dræmrar mætingar þegar kosningin fer fram og þeir fáu sem mæta lenda sjálfkrafa í foreldraráðinu.¹³³ Í rýnihóp foreldra kom fram að stundum hafi þurft að hringja í foreldra og óska eftir framboðum vegna lélegrar þátttöku.¹³⁴ Foreldraráð gegnir hlutverki eins konar ráðgjafaráðs við stjórnendur og er tengiaðili annarra foreldra við leikskólann. Námskrá, fjárhagsáætlun og allar nýjar áherslur í leikskólanum eru bornar undir foreldraráð og það situr alla fundi þar sem teknar eru ákvarðanir um starfið. Ákvarðanir hafa verið bornar undir fleiri í foreldrahópnum heldur en bara foreldraráðið. Foreldraráð fundar ekki reglulega heldur hefur leikskólastjóri samband þegar ræða þarf einhver málefni. Samskiptin fara mikið fram í gegnum tölvupóst og telur leikskólastjóri það henta betur þar sem fólk eigi yfirleitt annríkt og erfitt sé að finna fundartíma sem hentar öllum. Í leikskólanum er einnig foreldrafélag sem sér um ýmsa fasta viðburði, s.s. sveitaferð að vori og jólaföndur.¹³⁵ Lög foreldrafélagsins eru aðgengileg á heimasíðu leikskólans.¹³⁶

Samstarf leikskóla og grunnskóla

Ekki hefur náðst að koma á virku samstarfi á milli Garðaborgar og grunnskóla hverfisins, þrátt fyrir umleitanir stjórnenda í Garðaborg. Það vantar því upp á samfellu milli leik- og grunnskóla¹³⁷ en lagalegum ákvæðum er fullnægt.¹³⁸ Elstu börnin í Garðaborg fara í heimsókn í grunnskólann og einnig heimsækja börn úr grunnskólanum leikskólann, t.d. á degi íslenskrar tungu og lesa fyrir leikskólabörnin. Leikskólinn skilar upplýsingum um börn sem flytjast yfir í grunnskólann eins og lög gera ráð fyrir.¹³⁹ Samstarf sérkennslustjóra við grunnskólann og aðra leikskóla hverfisins vegna barna með sérþarfir hefur gengið vel, skilafundir eru haldnir að vori og upplýsingaflæði vegna barnanna verið gott.¹⁴⁰

Samstarf við aðrar stofnanir

Leikskólinn er í óformlegu samstarfi við heilsugæsluna sem felst aðallega í upplýsingamiðlun um einstaka barn.¹⁴¹ Sérkennslustjóri sagði að mikil og góða samvinna væri við þjónustumiðstöð hverfisins um málefni sem tengjast sérkennslu, ungbarnaeftirlitið hafi samband við leikskólann ef upp komi grunur um sérþarfir barna úr skólanum og samstarf við barnaverndaryfirvöld hafi gengið mjög vel þegar á það hefur reynt.¹⁴² Að öðru leyti á leikskólinn ekki í samstarfi við utanaðkomandi stofnanir eða einstaklinga.

Styrkleikar

- Góð samskipti eru innan leikskólans.
- Góð samskipti eru við foreldra.
- Foreldrar eru mjög ánægðir með leikskólann.
- Foreldrar og starfsmanna eru mjög ánægðir með foreldrasamvinnuna.
- Foreldrar eru velkomnir í leikskólann.

¹³³ Viðtal við leikskólastjóra.

¹³⁴ Rýnihópur foreldra.

¹³⁵ Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópur foreldra.

¹³⁶ Heimasíða Garðaborgar.

¹³⁷ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹³⁸ Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr. 896/2009.

¹³⁹ Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr. 896/2009.

¹⁴⁰ Viðtal við sérkennslustjóra.

¹⁴¹ Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁴² Viðtal við sérkennslustjóra.

- Kallað er eftir hugmyndum foreldra.
- Foreldrahandbók er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- Skrifleg áætlun um þátttökuáðlögun barna.
- Fjölbreyttar leiðir eru nýttar í samskiptum við foreldra.
- Spjaldtölvur eru notaðar til skilvirkra samskipta við foreldra.
- Notast er við túlka svo foreldrar með annað móðurmál en íslensku geti tekið fullan þátt í fundum og stefnumótun.
- Foreldrahandbók er á íslensku og pólsku.
- Gott samstarf er við heilsugæslu.
- Gott samstarf er við þjónustumiðstöð.
- Gott samstarf er við barnaverndaryfirvöld.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að gera sérstaka móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.
- Hvetja foreldra til að mæta á ársfund foreldrafélags.
- Hvetja foreldra til að bjóða sig fram til foreldraráðs.
- Skoða leiðir til að auka samstarf við grunnskólann í hverfinu.
- Skoða leiðir til að koma á samskiptum við stofnanir í hverfinu.

Innra mat

Leikskólar eiga lögum samkvæmt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Í slíku mati skal leitað eftir sjónarmiðum starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á og birta upplýsingar um það opinberlega.¹⁴³ Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber. Annars vegar er um að ræða innra mat sem framkvæmt er af leikskólanum sjálfum og hinsvegar er um að ræða ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.¹⁴⁴

Ekki eru til skýrir verkferlar í Garðaborg um innra mat og ekki er starfandi matsteymi en hins vegar er matsáætlun í starfsáætlun. Þar er greint frá þeim þáttum sem á að meta, hverjir taka þátt, hvernig og hvenær eigi að meta og hver beri ábyrgð á mati hvers þáttar. Niðurstöður innra mats síðasta árs eru kynntar og umbótaráætlun sem unnir er út frá niðurstöðum þess.¹⁴⁵ Þættir sem metnir eru í innra mati Garðaborgar eru t.d. dagskipulagið, dagatalið, foreldraviðtöl og undirbúningstímar. Þá er t.d. farið yfir hvernig undirbúningstímarnir ganga og hvernig þeir eru nýttir, meðal annars til að sýna fram á mikilvægi þeirra.¹⁴⁶ Starfsfólk og foreldrar komu einnig að mati á þróunarverkefninu um lýðræði.¹⁴⁷

Starfshættir eða frammistaða starfsfólks er ekki metið með formlegum hætti þó samræðan í tengslum við lýðræðisverkefnið hafi vissulega falið í sér óformlegt mat á þeim þáttum.¹⁴⁸ Einn starfsmaður er

¹⁴³ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

¹⁴⁴ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

¹⁴⁵ Starfsáætlun Garðaborgar 2013-2014.

¹⁴⁶ Viðtal við leikskólalastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólalastjóra.

¹⁴⁷ Lýðræði í Garðaborg.

¹⁴⁸ Viðtal við leikskólalastjóra.

að hefja starfendarannsókn í tengslum við meistaranám sitt og hugsanlega leiðir það til þess að aðrir starfsmenn læri að nota aðferð starfendarannsókna. Innan starfsmannahópsins hefur oft verið rætt um að nýta starfendarannsókn til þess að meta starfshætti í Garðaborg.¹⁴⁹ Skóla- og frístundasvið leggur reglulega kannanir fyrir bæði starfsfólk og foreldra, niðurstöður eru kynntar í starfsáætlun og umbætur gerðar á grundvelli niðurstaðna þeirra.¹⁵⁰

Foreldrar taka virkan þátt í innra mati leikskólans ásamt starfsfólkinu á sameiginlegum samræðufundum. Þeir meta einnig þátttökuaðlögun í foreldraviðtölum með því að segja frá sinni upplifun af henni. Elstu börnin koma einnig að innra mati í Garðaborg, ræða um ákveðna þætti í dagskipulaginu og meta til dæmis útskriftarferðina sína. Leikskólastjóri sagðist vilja skoða hvort börnin gætu tekið meiri þátt í innra matinu og hvort starfsfólkið sé kannski duglegra að hlusta á börnin í daglegu starfi heldur en formlega.¹⁵¹ Í foreldrakönnun kom fram að 53% forelda sem svöruðu höfðu ekki komið að mati á starfi eða áherslum leikskólans, 31% höfðu tekið þátt í könnun frá leikskólanum, 19% höfðu tekið þátt í rýnihópi eða gefið álit og 3% höfðu fyllt út matsblað um líðan eða hegðun barnsins. Hins vegar nefndu 44% að þeir hefðu komið á framfæri ábendingum eða hugmyndum með því að ræða við deildarstjóra eða annað starfsfólk, 38% á foreldrafundum og 38% með því að ræða við stjórnendur leikskólans.¹⁵²

Stjórnendur, starfsmenn og foreldrar gátu allir nefnt dæmi um umbætur sem niðurstöður innra mats leiddu til. Sem dæmi hafi yngri deildin tekið sig á með að heilsa í upphafi dags og kveðja í lok dags eftir að sá þáttur kom illa út í foreldrakönnun. Á sömu deild voru hópar í samverustundum minnkaðir eftir mat á þeim. Fyrirkomulag afmæla var breytt eftir að börnin lýstu hvernig þau vildu hafa afmælin. Foreldrar og starfsfólk hefur gert alvarlegar athugasemdir við öryggismál á útileiksvæði í innra mati en að sögn leikskólastjóra hefur ekki verið brugðist við þeim athugasemdum af hálfur sveitarfélagsins.¹⁵³

Niðurstöður innra mats hafa verið kynntar fyrir starfsfólki og foreldrum, en ekki fyrir börnunum.¹⁵⁴

Styrkleikar

- Breytingar hafa verið gerðar í kjölfar niðurstaðna innra mats.
- Umbótaráætlun er gerð í kjölfar innra mats.
- Starfsmenn koma að innra mati.
- Elstu börnin koma í auknu mæli að innra mati.
- Foreldrar koma að innra mati.
- Ábyrgð á innra mati er dreifð.

Tækifæri til umbóta

- Huga ætti að aðkomu yngri barna að innra mati.
- Kynna niðurstöður innra mats fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Gera skriflega ferla vegna innra mats.
- Huga ætti að því að stofna sérstakt matsteymi sem væri ábyrgt fyrir innra mati og umbótum vegna þess.
- Gera grein fyrir aðferðum við innra mat í skólanámskrá.

¹⁴⁹ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹⁵⁰ Upplýsingar frá Skóla- og frístundasviði, viðtal við foreldra.

¹⁵¹ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹⁵² Foreldrakönnun 2013.

¹⁵³ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹⁵⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

Sérfræðiþjónusta og sérkennsla

Í Garðaborg er leitast við að stuðningur og sérkennsla fari fram í barnahópnum en hvert tilfalli og þarf hvers einstaklings þarf að meta sérstaklega. Sérkennslustjóri sækir margvísleg námskeið um sérkennslu sem í boði eru á vegum sveitarfélags og þjónustumiðstöðvar hverfisins. Þegar ytra mat fór fram var ekkert barn með úthlutaðan stuðning vegna sérþarfa en í skólanum voru 7 börn með annað móðurmál en íslensku. Sérkennslustjóri gerir einstaklingsnámskrá fyrir börn með sérstuðning í samstarfi við leikskólastjóra og deildarstjóra, foreldrar fá námskrána með sér heim til að gera athugasemdir og breytingar í samvinnu við kennara og allir á deildinni vinna að þjálfun barnsins. Sérkennslustjóri sagði í viðtali að þetta gengi mjög vel þar sem flestir starfsmanna á deildum hafa uppeldismenntun.¹⁵⁵ Ekki eru til skriflegir verkferlar um eftirfylgni í framhaldi af greiningu eða formleg móttökuáætlun fyrir börn með sérþarfir en sérkennslustjóri sagði að það hafi aldrei verið vandamál að fá upplýsingar frá síðasta leikskóla eða foreldrum. Upplýsingum um börn með sérþarfir er miðlað á deildarfundum en trúnaðarupplýsingar eru geymdar í læstum skáp hjá leikskólastjóra og á læstu svæði í tölvu sérkennslustjóra. Mikil samvinna er við foreldra í tengslum við börn sem sérkennslustjóri hefur afskipti af, óháð því hvort búið er að úthluta þeim stuðningi eða aðeins leiki grunur á að þau þurfi aukna örvun. Öll samskipti vegna barna við þjónustumiðstöð eru borin undir foreldra og leitað eftir sjónarmiði þeirra og upplýsingum um hegðun barnsins utan skóla. Fundað er með foreldrum og samskiptin fara líka mikið fram í gegnum tölvupóst. Í viðtali við sérkennslustjóra kom fram að léleg fundaraðstaða er á leikskólanum og leikskólastjóri benti á að rýmið í leikskólanum bjóði ekki upp á að sérkennsla fari mikið fram utan deilda. Aðstoðarleikskólastjóri sagði að stundum væru börn tekin í minni hópa í samverustund fyrir hádegismatinn, þar sem t.d. er unnið með málörvun.¹⁵⁶ Stuðningur og sérkennsla eru metin af foreldrum en einnig hefur sérkennsluráðgjafi frá skóla- og frístundasviði metið hana þegar það á við. Ráðgjöf vegna sérfræðiþjónustu kemur aðallega frá skóla- og frístundasviði og frá þjónustumiðstöð hverfisins og er vel nýtt, að sögn leikskólastjóra. Í fyrsta viðtali er foreldrum kynnt sú sérfræðiþjónusta sem þeim stendur til boða að nýta. Þær upplýsingar er einnig að finna í foreldrahandbókinni. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru sammála um að í Garðaborg sé lögð áhersla á skóla án aðgreiningar þar sem allir hafi sama rétt og reynt er að koma til móts við hvern og einn. Sérkennslustjóri vinnur sérstaklega með málörvun barna með annað móðurmál en íslensku og aðstoðar starfsmenn þegar upp koma mál vegna einstakra barna. Hann er einnig í samstarfi við aðra sérkennslustjóra í hverfinu og sagði það mikinn stuðning að geta leitað til annarra sem vinna með svipuð mál.¹⁵⁷

Ekki er sérstakt rými til sérkennslu og sérkennslustjóri hefur ekki sérfræðimenntun umfram grunnnám í leikskólakennarafræðum og því stenst skólinn ekki að fullu ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitafélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Ekki er til sértök móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku en unnið er eftir áætlun um þátttökuaðlögun eins og hjá öðrum börnum sem byrja í Garðaborg. Leikskólinn hefur keypt þýðingu á bókinni sem börnin fá við upphaf leikskólagöngunnar en ekki hefur fengist fjármagn til að þýða foreldrahandbókina. Í aðlögun er þess gætt að einhver sem talar móðurmál foreldrana sé með þeim í aðlöguninni, a.m.k. hluta tímans, og í fyrsta viðtali er túlkur með. Þegar barn með pólsku að móðurmáli byrjar leggur leikskólastjóri sérstaka áherslu á að pólskur starfsmaður sem annast móðurmálsstuðning sé til staðar á aðlögunartímabilinu. Einnig leggur leikskólastjórinn áherslu á að hlustað sé á foreldra með annað móðurmál en íslensku og reynt að mæta þörfum þeirra og óskum.¹⁵⁸

¹⁵⁵ Viðtal við sérkennslustjóra.

¹⁵⁶ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra, viðtal við sérkennslustjóra.

¹⁵⁷ Viðtal við sérkennslustjóra.

¹⁵⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

Í Garðaborg eru nú eru 7 börn með annað móðurmál en íslensku, þar af fimm með pólsku, eitt með víetnömsku og eitt með albönsku sem móðurmál. Pólskur starfsmaður sem annast móðurmálsstuðning við pólsk börn í leikskólum vinnur hjá skóla- og frístundasviði en hefur starfsstöð í Garðaborg. Starfsmaðurinn talar bæði pólsku og íslensku og aðstoðar einnig fjölskyldur pólsku barnanna til að skilja ýmsa þætti menningar Íslands sem birtast meðal annars í leikskólastarfinu. Sérkennslustjóri leikskólans kemur inn sem auka manneskja á deildina þar sem hin börnin þrjú sem hafa annað móðurmál en íslensku eru. Þau börn eru ekki tekin út úr barnahópnum heldur er lögð áhersla á að minnka hópna sem þau eru hluti af. Ekki er unnið sérstaklega með móðurmál þessara barna.¹⁵⁹ Í námskrá kemur fram að unnið sé markvisst með menningu þeirra landa sem börnin tengjast og hún gerð sýnileg.¹⁶⁰ Leikskólastjóri leggur einnig áherslu á að móðurmál þeirra sé viðurkennt og gert sýnilegt á einhvern hátt, t.d. er hlustað á tónlist sem tengist löndunum.¹⁶¹

Styrkleikar

- Áhersla er lögð á að nálgast hvert barn á forsendum þess.
- Hátt hlutfall leikskólakennara.
- Mikil og góð samskipti og samvinna við hagsmunaaðila vegna barna með sérþarfir.
- Fjölbreytt samskipti við foreldra.
- Tæknin er markvisst notuð til að koma til móts við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Sérkennslustjóri er duglegur að sækja símenntun á sviði sérkennslu.
- Góður stuðningur er í boði fyrir pólsk börn og fjölskyldur þeirra.
- Sérkennslustjóri á gott samstarf við aðra sérkennslustjóra í hverfinu.
- Gott samstarf er við þjónustumiðstöð.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf skriflega áætlun um viðbrögð ef grunur vaknar um þroskafrávik barns.
- Gera þarf skriflega móttökuáætlun fyrir börn með sérþarfir.
- Æskilegt væri að sérkennslustjóri hefði framhaldsmenntun í sérkennslufræðum.
- Gera þarf skriflega móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.
- Æskilegt væri að koma upp sérstakri fundaraðstöðu.
- Leita ætti leiða til að vinna með móðurmál allra barna af erlendum uppruna.

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í skólastarfi Garðaborgar: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðipjónusta og sérkennsla. Áhersla úttektafarrinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla 2011.

¹⁵⁹ Viðtal við leikskólastjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

¹⁶⁰ Námskrá Garðaborgar.

¹⁶¹ Viðtal við leikskólastjóra.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri eru til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat úttektaraðila sett fram á sama hátt.

- Helstu styrkleikar Garðaborgar
- Hátt hlutfall leikskólakennara.
- Lítil starfsmannavelta.
- Mikil áhersla á lýðræði og jafnrétti.
- Leikurinn er í öndvegi í öllu starfi leikskólans.
- Gott rými er fyrir leik inni á deildum.
- Augljós hæfni starfsfólks til að meta þarfir og áhugasvið barna.
- Skýr hugmyndafræði liggur að baki stefnu leikskólans.
- Stefna leikskólans er sýnileg í starfinu.
- Mikil samábyrgð ríkir í starfsmannahópnum.
- Starfsfólk og foreldrar eru meðvitaðir um áhersluþætti leikskólans.
- Starfmenn og stjórnendur eru jákvæðir og leggja áherslu á góða nýtingu fjármuna.
- Gott aðgengi er að móðurmálsstuðningi fyrir pólsk börn.
- Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár.
- Innleiðing grunnþátta menntunar í aðalnámskrá leikskóla 2011 er hafin.
- Allir starfsmenn taka þátt í gerð nýrrar skólanámskrár.
- Foreldrar taka þátt í gerð nýrrar skólanámskrár.
- Leikskólinn fær góða umsögn frá skóla- og frístundasviði.
- Leikskólinn hefur góðan aðgang að faglegri ráðgjöf hjá skóla- og frístundasviði.
- Starfsmenn og foreldrar hafa góðan aðgang að stjórnendum.
- Börnin hafa góðan aðgang að stjórnendum.
- Leikskólastjóri nýtir skilvirkar leiðir til að koma upplýsingum til starfsfólks.
- Vikulegir deildarfundir styðja við faglegt starf á deildinni.
- Leikskólastjóri leitast við að gera starfsmannasamtöl markvissari með því að prófa nýjar leiðir.
- Börnunum líður vel í leikskólanum.
- Lýðræðislegt samstarf einkennir samskipti.
- Börnin hafa tækifæri til að hafa áhrif á leikskólastarfið.
- Mikil áhersla er lögð á að sýna börnum virðingu.
- Börnin eru upplýst um ákvarðanir sem þau varðar.
- Unnið er með Barnasáttmálann eftir áhugasviði barnanna.

- Samskipti innan starfsmannahópsins og samskipti starfsfólks við börn og foreldra eru góð.
- Skýr stefna er um efnivið í leikskólanum.
- Efniviður er aðgengilegur fyrir börnin með tilliti til aldurs þeirra.
- Efniviðurinn er áhugaverður fyrir börnin og heldur þeim við efnið.
- Foreldrar eru með faglegt starf í leikskólanum.
- Áhrif þróunarverkefna gætir eftir að þeim er lokið.
- Unnið er að fjölbreyttum þróunarverkefnum.
- Leikskólinn hefur fengið fern hvatningarverðlaun fyrir þróunarverkefni frá skóla- og frístunda-sviði.
- Sífelld framþróun er í leikskólastarfinu.
- Leikskólinn hefur verið í samstarfi við aðra leikskóla um þróunarverkefni.
- Góður skólabragur.
- Skoðanir barna eru virtar og tekið tillit til þeirra eins og kostur er.
- Skoðanir starfsfólks eru virtar og tekið tillit til þeirra eins og kostur er.
- Samskipti einkennast af virðingu, vináttu og fagmennsku.
- Gott samstarf er á milli deilda.
- Unnið er að samfellu á milli eldri og yngri deildar.
- Mikil ánægja er með samskipti meðal foreldra, starfsmanna og stjórnenda.
- Skráningar eru notaðar til að meta nám og velferð barna.
- Foreldrar eru upplýstir um nám og þroska barna sinna.
- Góð samskipti eru innan leikskólans.
- Góð samskipti eru við foreldra.
- Mikil ánægja er meðal foreldra um leikskólann.
- Mikil ánægja er meðal foreldra og starfsmanna með foreldrasamvinnu.
- Foreldrar eru velkomnir í leikskólann.
- Kallað er eftir hugmyndum foreldra.
- Foreldrahandbók er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- Skrifleg áætlun um þátttökuaðlögun barna.
- Fjölbreyttar leiðir eru nýttar í samskiptum við foreldra.
- Spjaldtölvur eru notaðar til skilvirkra samskipta við foreldra.
- Notast er við túlka svo foreldrar með annað móðurmál en íslensku geti tekið fullan þátt í fundum og stefnumótun.
- Foreldrahandbók er til á íslensku og pólsku.

- Gott samstarf er við heilsugæslu.
- Gott samstarf er við þjónustumiðstöð.
- Gott samstarf er barnaverndaryfirvöld.
- Gott samstarf er við skóla- og frístundasvið.
- Breytingar hafa verið gerðar í kjölfar niðurstaðna innra mats.
- Umbótaráætlun er gerð í kjölfar innra mats.
- Starfsmenn koma að innra mati.
- Elstu börnin koma að innra mati.
- Foreldrar koma að innra mati.
- Ábyrgð á innra mati er dreifð.
- Áhersla er lögð á að nálgast hvert barn á forsendum þess.
- Fjölbreytt samskipti við foreldra.
- Tæknin er notuð á markvissan hátt til að koma á mótis við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Sérkennslustjóri er duglegur að sækja símenntun á sviði sérkennslu.
- Góður stuðningur er í boði fyrir pólsk börn og fjölskyldur þeirra.
- Sérkennslustjóri á gott samstarf við aðra sérkennslustjóra í hverfinu.

Tækifæri til umbóta í Garðaborg

- Gera þarf endurbætur á útisvæði leikskólans og huga að öryggisatriðum svo það standist reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla.
- Leita þyrfti leiða til að koma upp sérstöku rými fyrir sérkennslu til að uppfylla ákvæði laga um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðar um sérfræðiþjónustu nr. 584/2010.
- Æskilegt væri að sérkennslustjóri hefði framhaldsmenntun í sérkennslufræðum til að uppfylla reglugerð um sérfræðiþjónustu nr. 584/2010.
- Leita ætti leiða til að fjölga smærri leikrýmum sem bjóða upp á ró og næði.
- Huga þarf að endurbótum á undirbúningsaðstöðu starfsmanna.
- Huga þarf að aðstöðu til funda (t.a.m. með foreldrum).
- Huga að því að umhverfið á deildum sé hvetjandi og aðlaðandi og að verk barnanna njóta sín.
- Leita leiða til að draga úr gólfkulda, t.d. með mottum.
- Leita leiða til að draga úr umgangi í gegnum eldhús.
- Ljúka þarf við gerð skólanámskrár fyrir 2015.
- Huga að aðkomu barna við gerð skólanámskrár.
- Gera grein fyrir aðferðum við innra mat í skólanámskrá.

- Æskilegt væri að taka eldri námskrá af heimasíðu.
- Gera þarf skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans.
- Efla millistjórnendur og hafa skýra verkaskiptingu milli stjórnenda.
- Upplýsa millistjórnendur um möguleika á aukinni ábyrgð.
- Endurskoða starfsmannahandbók reglulega.
- Gera starfsáætlun yfirstandandi skólaárs aðgengilega 1. september ár hvert.
- Skoða hvernig gera mætti starfsþróunarsamtöl markvissari.
- Gera ætti formlega símenntunaráætlun.
- Gæta að góðum samskiptum í starfsmannahópnum á álagstímum.
- Taka þarf tillit til breiðs aldursbils í starfsmannahópnum við skipulagningu viðburða utan vinnutíma.
- Gera þarf áætlun um viðbrögð við einelti og ágreiningi í starfsmannahópnum.
- Skýra ætti verkferla um skráningar og úrvinnslu þeirra.
- Nota ætti fjölbreyttar aðferðir við mat á námi og velferð barna.
- Æskilegt væri að tengja mat á námi og velferð barna við innra mati leikskólans.
- Gera ætti grein fyrir vinnulagi við mat á námi og velferð barna í skólanámskrá.
- Gera ætti móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.
- Hvetja þarf foreldra til að mæta á ársfund foreldrafélags.
- Hvetja þarf foreldra til að bjóða sig fram til foreldraráðs.
- Æskilegt væri að efla samskiptin við grunnskólann í hverfinu.
- Æskilegt væri að koma á samstarfi við stofnanir í hverfinu.
- Huga að aðkomu yngri barna að innra mati.
- Kynna ætti niðurstöður innra mats fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Gera þarf skriflega ferla vegna innra mats.
- Gera þarf skriflega áætlun um viðbrögð ef grunur vaknar um þroskafrávik barns.
- Gera þarf skriflega móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.
- Gera þarf skriflega móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.
- Skoða hvernig hægt væri að vinna með móðurmál allra barna af erlendum uppruna.

Lokaorð

Garðaborg er lítill leikskóli með hátt hlutfall leikskólakennara. Mikil samstaða er um stefnu leikskólans og áherslur í starfinu og ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum leiðir í ljós að stefnan endurspeglast í starfi með börnunum. Starfsmenn leggja sérstaka áherslu á faglegt starf, góð samskipti, lýðræði, jafnrétti og að börnunum líði vel í leikskólanum. Mikið og gott foreldrasamstarf er í skólanum og mikil ánægja í foreldrahópnum með leikskólann. Unnið er að margvíslegum þróunarverkefnum sem m.a. miða að því að auka tengsl við grenndarsamfélagið og grunnskóla hverfisins. Leikskólinn hefur unnið til fernra hvatningarverðlauna skóla- og frístundaráðs fyrir þróunarverkefni og fær góða umsögn frá skóla- og frístundasviði. Garðaborg hefur komið vel út í viðhorfskönnunum sem lagðar eru fyrir starfsmenn og foreldra og hefur verið yfir meðaltali leikskóla Reykjavíkurborgar. Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár og að því að samræma hugmyndafræði leikskólans enn frekar við áherslur nýrrar aðalnámskrár og laga um leikskóla nr. 90/2008.

Heimildir

- Berglind Hansen og Hildur B. Svavarsdóttir. (2013, maí). Viðhorf foreldra [Niðurstöður skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar úr viðhorfakönnun sem lögð var fyrir foreldra á vorönn 2013]. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Garðaborg. (e.d.). Foreldrahandbók. Höf. Sótt af gardaborg.is
- Garðaborg. (e.d.). Leikskólinn minn. Höf. Sótt af gardaborg.is
- Garðaborg. (e.d.). Lýðræði í Garðaborg. Höf.
- Garðaborg. (e.d.). Námskrá Garðaborgar. Höf.
- Garðaborg. (e.d.). Starfsmannahandbók Garðaborgar. Höf. Hildur Skarphéðinsdóttir. (2014, 2. desember). Umsögn um leikskólann Garðaborg [Svör f.h. formanns skóla- og frístundaráðs].
- Kristín Einarsdóttir. (2013, júlí). Leikskólinn Garðaborg 2013-2014 [Starfsáætlun Garðaborgar]. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Kristín Einarsdóttir. (2014, október). Upplýsingar frá leikskólastjóra í gegnum tölvusamskipti um tölfræði starfsmannahóps og barnahóps.
- Kristín Einarsdóttir. (2014, 6. desember). Upplýsingar frá leikskólastjóra í gegnum tölvusamskipti.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámskrá leikskóla 2011. Höf.
- Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna. (2010, maí). Námskrárgerð Bugðuleikskóla. Reykjavík: RannUng.
- Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.
- Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr. 896/2009.
- Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.
- Rýnihópur barna. Viðtal tekið af Helgu J. Stefánsdóttur og Ingibjörgu Ó. Sigurðardóttur þann 17. október 2014.
- Rýnihópur foreldra. Viðtal tekið af Helgu J. Stefánsdóttur og Ingibjörgu Ó. Sigurðardóttur þann 14. október 2014.
- Rýnihópur starfsmanna. Viðtal tekið af Helgu J. Stefánsdóttur og Ingibjörgu Ó. Sigurðardóttur þann 15. október 2014.
- Skóla- og frístundasvið. (e.d.). Leikskólar í Reykjavík [Upplýsingar um fjölda leikskóla borgarinnar og leiðarljós]. Reykjavíkurborg. Sótt af <http://reykjavik.is/thjonusta/leikskolar-i-reykjavik>
- Skóla- og frístundasvið. (e.d.). Skóla- og frístundaráð [Upplýsingar um stjórnskipulag leik- og grunnskóla í Reykjavík]. Reykjavíkurborg. Sótt af reykjavik.is/radognefndir/skola-og-fristundarad

Skóla- og frístundasvið. (2014, september). Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs. Reykjavíkurborg. Sótt af reykjavik.is/sites/default/files/vidmid_og_visbendingar.pdf

Vettvangsathugun. (2014, október). Vettvangsathuganir á leikskólastarfi Garðaborgar. Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir framkvæmdi allar vettvangsathuganir fóru fram vikuna 14.-17. október 2014.

Viðtal við leikskólastjóra. Viðtal tekið af Ingibjörgu Ó. Sigurðardóttur þann 14. október 2014.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra. Viðtal tekið af Ingibjörgu Ó. Sigurðardóttur þann 14. október 2014.

Viðtal við deildarstjóra. Viðtal tekið af Helgu J. Stefánsdóttur þann 15. október 2014.

Viðtal við foreldri og starfsmann með pólsku sem móðurmál. Viðtal tekið af Helgu J. Stefánsdóttur og Ingibjörgu Ó. Sigurðardóttur þann 20. október 2014.

Viðtal við sérkennslustjóra. Viðtal tekið af Helgu J. Stefánsdóttur þann 15. október 2014.

